Menningarminjar í Vallnahreppi í Suður-Múlasýslu

Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS076-98085
Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Inngangur.....*4*
Skrá um menningarminjar í Vallnahreppi.....*4*
SM-024 Egilsstaðir.....**4**
SM-025 Berg.....**10**
SM-026 Kollstaðir.....**10**
SM-027 Kollstaðagerði.....**15**
SM-028 Höfði.....**18**
SM-029 Ketilsstaðir.....**21**
SM-030 Kelduhólar.....**26**
SM-031 Hallberuhús.....**29**
SM-032 Útnyrðingstaðir.....**29**
SM-033 Eyjólfstaðir.....**34**
SM-033b Beinárgerði.....**38**
SM-034 Úlfstaðir.....**39**
SM-035 Gíslastaðir.....**40**
SM-036 Gíslastaðagerði.....**43**
SM-037 Túnguhagi.....**45**
SM-038 Arnkelsgerði.....**49**
SM-039 Grófargerði.....**52**
SM-040 Vallanes.....**53**
SM-040b Vallanes (afrétt).....**60**
SM-041 Vallaneshjáleiga.....**60**
SM-042 Hvammur.....**60**
SM-043 Sauðhagi.....**63**
SM-044 Víkingstaðir.....**66**
SM-045 Strönd.....**67**
SM-046 Mjófanes (Mjóanes).....**68**
SM-047 Gunnlaugsstaðir.....**73**
SM-048 Hafursá.....**74**
SM-049 Freyshólar.....**77**
SM-050 Hallormsstaður.....**78**
SM-051 Skjögrastaðir.....**86**
SM-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð.....**89**

SM-622 Óstaðsetjanlegar fornleifar.....90
Heimildaskrá*.....*92

Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Vallnahreppi eru 608 staðir á 25 jörðum sem eru að meðaltali 2,3 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru sex fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir innansveitar sem utan. Einnig eru tveir minjastaðir sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinnar jarðar. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni. Birna Gunnarsdóttir hafði áður safnað heimildm um menningarminjar á Hallormsstað. Í þessari skýrslu er einnig að finna aðalskráningu fornleifa á Egilsstöðum, Bergi, Kollstöðum og Kollstaðagerði sem unnin var af Guðnýju Zoëga og Guðrúnu Kristinsdóttur árin 1996-1997 þegar unnin var skráninga á fornleifum innan bæjarmarka Egilsstaða en fyrrnefnar jarðir tilheyrðu áður Vallnahreppi.

Skrá um menningarminjar í Vallnahreppi

SM-024 Egilsstaðir

20 hndr 1847, Berg hjáleiga. Egilsstaðir voru fyrr á öldum með betri býlum en urðu þó ekki sérstakt stórbýli fyrr en á 20. öld. Á Egilsstöðum var þingstaður hins forna Vallnahrepps allt fram yfir 1700. Þaðan var hjáleigan Berg, sem ónefnd er í fasteignamati 1918, en er tilgreind með nafni í jarðatali 1847. Berg va í byggð fram yfir miðja 19. öld. Egilsstaðaland nær yfir ysta hluta svæðisins milli Lagarfljóts og Eyvindarár. 1920 skiptust Egilsstaðir í tvö býli. Árið

1955 var þar stofnað félagsbú með þríbýli á Egilsstöðum. Árið 1952 var stofnað nýbýli sem gekk undir nafninu Búbót en var síðar lögformlega skýrt Útgarður. Það var í landi Egilsstaðaþorps sem tekið hafði verið eignarnámi. Búbót var samvinnufélag um mjólkurframleiðslu og lagðist af 1966. SJM II, 198-205, Ö-Egilsstaðir.

Þaksléttað var á árunum frá 1904-1936. 1929 var farið að brjóta land með hestaverkfærum. Síðar var land unnið með hjóladráttarvél, túnslétta var 3,8 ha. og voru plægðar, unnar og sánar allstórar spildur til ræktunar. Fyrst unnið með jarðýtu 1961. SJM II, 198-205, Ö-Egilsstaðir.

SM-024:001 *Egilsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°15.767N 14°24.902V
Gamli bærinn stóð örskammt vestan við gamla gistihúsið, þar sem skrúðgarðurinn er nú. Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir því hvort þarna sé tóftarlag að sjá, því mikill gróður er í öllum garðinum, en þess er að vænta að byggingarleifar sé að finna undir grassverði. Gamli bærinn stóð í þýfðu túni sem náði niður undir fljótið að v´k milli Egilsstaða og Egilsstaðakletta. Aflagðist 1905, en einhver hús stóðu þar fram yfir 1930.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar

SM-024:002 *Hólhús* heimild um fjárhús 65°15.836N 14°24.838V
Milli kletta, austan við hús Ingimars Sveinssonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur, var fjárhús kallað Hólhús. Húsinu var enn haldið við 1918, en 1932 var tekið úr því grjót til annarra nota.

Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 7; Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-024:003 nátthagatóft 65°15.9056N 14°25.080V
Utan við Kvíakletta, í klauf milli tveggja kletta. Brekka er fyrir klaufinni að sunnan en klaufin opnast til norðurs. Þar heitri Nátthagi. Neðan Nátthagans eru svoköllið Nátthagavík og Nátthagatún. Garður úr grjóti var endurbyggður meðfram Fljótinu um Nátthagann 1917 en óvíst er hve lengi hann stóð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: HH 1996, 15; Ö-Egilsstaðir, 4; Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-024:004 heimild um stekk 65°15.904N 14°25.080V
Stekkurinn var utan Kvíakletta, þar sem heitri Nátthagi.

Heimildir: HH 1996, 15; Ö-Egilsstaðir, 4

SM-024:005 réttartóft 65°15.836N 14°25.143V
Í svonefndum Leyningi upp af Gellisvík eru leifar lítillar réttar, grjóthlaðinnar. Réttin hefur verið byggð upp við klettavegginn. Þetta er hálf-hringlaga hleðsla úr stórum steinum (um 80-100 cm á breidd) staðsett um 15-20 m ofan Gellisvíkur. Hún er 4x3 m að innanmáli og er hleðsluhæð um 1 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-024:006 heimild um fjárhús
Grafreiturinn er norður af Fljótshúsinu á Norðurhúsklettum vestan til á Egilsstaðaklettum. Steypt grindverk er utan um garðinn. Hluti hans liggur á Kvíaklettum. Fyrst var grafið í garðinum 1924, og þá rifin fjárhús sem þar stóðu og voru í notkun allt fram til þess.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH 1996, 14

SM-024:007 *Fljótshús* hús 65°15.747N 14°25.149V
Á fljótsbakka fyrir botni Egilsstaðavíkur. Þetta hús er steinsteypt og er enn uppistandandi. Það var byggt um 1924 og var vörugeymsluhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-024:008 *Fljótshús eldra* tóft 65°15.647N 14°25.038V
Á tanga fram við Fljótið, suður og niður af einbýlishúsinu á Bergi. Húsið er um 10-15 m frá fljótsbakka og stendur nokkuð hærra en umverfi þess. Grunnurinn er 7x3 m, hlaðinn úr óhöggnu grjóti. Húsið snýr SV-NA með langhlið niður að Fljóti. Steinsteypa er millli steina í hleðslunni og leifar af steyptum veggjum ofan á henni. Hleðslan er 20-50 sm upp úr jörðu. Frá húsinu liggja tvær raðir af stórum steinum niður að Fljóti. Þar hefur líklega verið göngubryggja.

SM-024:009 vegur leið 65°15.513N 14°24.904V
Um klauf í kollinum sunnan við túnið á Egilsstöðum. Hann ewr enn nokkuð heillegur vegur og sést vel áfram til austurs upp fyrir Mjólkurstöðina.
Hættumat: hætta
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 4

SM-024:010 *Ferðamannaklauf* vegur leið 65°15.931N 14°24.977V
Klaufin er í Egilsstaðaklettum. Þar lá vegurinn heim í hlað, og áfram til suðurs og austurs.
Hættumat: hætta
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 4

SM-024:011 garðlag
Sunnanvert við Hringtjörn er hálfhringlaga garðlag. Hálfringlaga þúfur, grasi vaxnar. Er líklega náttúruleg myndun sem hefur mótast af vatni úr tjörninni.
Hættumat: engin hætta

SM-024:012 heimild um kolagröf 65°15.341N 14°24.934V
Norður af dekkjaverkstæði við Vallaveg eru kolagrafir í lyngmóum sunnanvert við Hringtjörn. Þær eru lyngi vaxnar.

SM-024:013 heimild um myllu 65°15.405N 14°24.371V
Við smáfoss í Hringtjarnarlæk í gili neðan vegar. Lækurinn rennur fram í fossi neðan mýrarfláka. Mikið þýfi er þarna og erfitt að greina hvort þar er um tóftir að ræða. Engar tóftir eru sýnilegar við fossinn en viðarleifar eru efst við fossbrún. Í mýrlendi um 15-20 m ofan við fossinn er nokkuð stórgert þýfi sem má vera að í séu einhverjar tóftarleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 15

SM-024:014 *Þingsteinar* örnefni þingstaður 65°16.046N 14°24.855V
Stórir steinar eða steinaþyrping rétt utan Egilsstaðakletta. Engar minjar eru merkjanlegar um þinghald og landið í kring um steinana hefur verið sléttað undir tún.
Heimildir: HH 1996, 13

SM-024:015 tóft leikvöllur
Uppi á Kvíaklettum austan við hús Ingimarks Sveinssonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur. Engin merki um kvíar eða gripahús sjást lengur, en smákofi hefur staðið uppi við lágan klett sem myndar eina hlið tóftarinnar. Þetta er ferhyrnd tóft 2,5 x 2,5 m að ummáli og er hleðsluhæð 0,8m. Kann að hafa verið smákofi er börn áttu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH 1996, 15

SM-024:016 heimild um fjárhús 65°15.536N 14°22.854V
Upp á Selhæð, austan við fjárhús sem þar standa núna. Engin merki eru finnanleg um tóft þessa.

Heimildir: HH 1996, 10

SM-024:017 heimild um fjárhús 65°15.431N 14°22.736V
Upp á Selhæð á sama stað og núverandi fjárhús (byggð 1920) stendur. Þau hurfu alveg við byggingu nýrra hússins. Þar voru áður torfhús fyrir 100 fjárh og hlaða.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 10; Dagbók Sveins Jónssonar

SM-024:018 garðlag túngarður 65°15.534N 14°22.728V
Fyrir utan og ofan túnið á Selhæð sjást leifar af gömlum túngarði og e.t.v. garðhólfum. Hann er mjög útflattur og lyngi vaxinn. Hleðsluhæð 0,4 m og hann er um metri á þykkt. Þarna eru greinanleg tvö túngarðsbrot. Annað liggur til A frá klettum utan og ofan fjárhúss. Hann er um 30 m langur og sést víða í steinhleðslur. Hitt brotið er nokkru austar og er það um 25 m langt og liggur N-S.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-024:019 *Hálshús* fjárhústóft 65°14.594N 14°21.065V
Utan í Egilsstaðahálsi efst á hæð rétt austan og neðan Fagradalsvegar. Fjögur sambyggð mjög gróin hólf. Stærsta hólfið er 10x11 m. Samhliða því hólfi liggur annað smærra hólf um 4x11 m. Aftan við þessar tóftir liggur á ská smærri tóft um 2x5 m. Áföst við SV horn stærsta hólfsins er smátóft um 3x3 m. Allar eru tóftirnar mjög grónar og hlaupnar í þýfi. Þetta voru sauðahúsbyggð fyrir um 150-200 sauði. Húsin voru byggð um 1895 en þau voru aflögð um 1908 en þá var sauðaeign hætt. Þarna var baðstofubygging, eins konar afbýli

Hættumat: hætta vegna rasks
Heimildir: SJM II, 198; Ö-Egilsstaðir, 4; Dagbók Sveins Jónssonar.

SM-024:020 *Hamragerði* garðlag 65°15.287N 14°24.266V
Upp á ási þeim er gengur suður frá Egilsstaðabæ og nefnist Hamrar. Nafnlaus og heimildalaus staður, sem gengur undir nafninu Hamragerði, sem nýlega er fundið upp. Aðalgarðarnir eru tveir með stuttu millibili, sporöskjulaga, utan um skógi vaxið holt. Smáholt 2x1,5 m er sýnilegt utanvert við innri garðinn. Í tóftinni er nú friðlýsingarmerki. Fleiri garðar og ógreinilegar tóftir eru í umhverfinu, tengs aðalgörðunum með átaki Egilsstaðabæjar og Atvinnulesingatrygingarsjóðs.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs
Heimildir: HH 1996, 11

SM-024:021 *Hamragerði* fjárhústóft 65°15.229N 14°24.250V
Fjárhústóft er innan garðanna 020, rétt við raflínustaur nr. 195. Tóft þessi er mjög gróin þýfð og ógreinileg í mjög þéttu skóglendi. Hleðslur útflattar.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs

SM-024:022 *Lagarfljótsbrú* heimild um brú
Hún lá þar sem núverandi Lagarfljótsbrú er staðsett. Brúin var byggð 1904, öll úr trjám neðan hvað brúarsporðar voru hlaðnir úr grjóti. Hún var alveg endurbyggð 1955-60 og sér ekki lengur nein merki hennar en grjóthleðslurnar kunna að vera steyptar inn í núverandi búarstæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 13

SM-024:023 heimild

Á jafnlendri hálfdeigjumýri neðan við Hálslæk utan við Fagradalsbraut. þarna var samkomustaður og þar haldnar samkomur og íþróttamót fyrr á öldinni.

Heimildir: SJM II, 198

SM-024:024 heimild um heystæði

Heytóftir voru vestan við Melhornsveg niður undir sléttu, niður af blokkunum við Útgarð.

SM-024:025 *Selhólar* örnefni sel 65°16.482N 14°24.106V

Selhólar voru á Egilsstaðanesi, myndarlegir hólar, ekki fjarri ytri enda gömlu flugbrautarinnar. Ekki er kunnugt um að tóftir hafi verið þar.

Heimildir: HH 1996, 10

SM-024:026 heimild um stekk 65°16.120N 14°23.893V

Á Stekkási sem er stuttur ás næst utan Gálgaáss. Þarna var aflöng stekkjartótt með dyr til vesturs, utan undir Stekkási vestarlega. Tóftin fór undir fyrstu Búbótarslétturnar um 1952.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: HH 1996, 12

SM-024:027 *Kolhöfði* örnefni kolagröf 65°16.073N 14°23.372V

Klettahöfði milli Laugavalla og Mánatraðar (götuheiti í Egilsstaðabæ). Ýmsar dældir eru ofan til á höfðanum en óvíst er um hvort þar eru kolagrafir. Hugsanlega hefur svæðið allt að Grunnsóklanum heitið Kolahöfðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH 1996, 12

SM-024:028 *Gálgaklettur* heimild um aftökustað 65°15.949N 14°25.910V

Klettanef er skagar út úr Gálgaási austanverðum. Gálgaás liggur utan og austan Egilsstaðakirkju. Þar fóru fram aftökur í tengslum við Egilsstaðaþing. Gálgatré á að hafa sést á klettunum fram á þesa öld.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH 1996, 12

SM-024:029 *Ferjukíll* heimild um ferja 65°16.630N 14°45.875V

Ferjukíll gengur austur úr Lagarfljóti utanvert við þjóðveginn á nesinu. þar er gamall fravegur Eyvindarár. Nú að mestu undir túni.

Heimildir: HH 1996, 13

SM-024:030 *Kvíaholt* örnefni kvíar 65°15.633N 14°25.017V

Sunnan við gamla túnið á Egilsstöðum var Kvíaholt. Ekki er nú vitað nákvæmlega hvað það er. Hóll sem stendur beint suður af Efra-bergi, húsi Margrétar og Jónasar. Hóll þessi er eilítið ofar en hóll 004. Í honum er dokk og er gróður myn grænni við hana en umhverfis hann. kvíholt gæti hafa verið á þessum slóðum.

Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 4

SM-024:031 *Gelliskot* heimild um hesthús 65°15.836N 14°25.143V

“Í túninu yzt eitri Gellistún eða Gellir, þar var Gelliskot, hesthús.” segir í Örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 4

SM-024:032 heimild um rétt

Hestrétt þessi stóð sunnan Mjólkurstöðvarinnar og var stauragirðing. Pétur Jónsson átti

réttina.

SM-024:033 *Svarðartóft* heimild um mógrafir
Tóftin var byggð í Flutningshöfðamýri 1916 og mun svörður hafa verið tekinn í mýrinni um það leyti. Svörður var tekinn víðar, svo sem í Selinu og utan undir Egilsstaðaklettum.
Heimildir: Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-024:034 *Ólafskofi/Uxakofi* heimild
Kofinn var líklega staðsettur á Nesinu.
Heimildir: Dagbækur Sveins Jónssonar 1915

SM-024:035 heimild um fjárhús
Tóft var um það bil miðja vegu milli húss Jóns Egils Sveinssonar og Mögnu Gunnarsdóttur og húss Gunnars Jónssonar og Vígdísar Sveinbjörnsdóttur, heldur nær Gunnarshúsi. Þar mun hafa verið fjárhús.

SM-024:036 heimild um fjárhús
Tóftir voru staðsettar um það bil þar sem hús Ingimars stendur. Þarna voru fjárhús og hlöður. Aflögð við byggingu nýs húss árið 1927.

SM-024:037 tóft
Tóft var staðsett úti á klettunum en er nú inni í garði Ingimars. Girðingin er á austurvegg tóftarinnar. Tóftin er full af vikri frá öskufallinu úr Öskju 1875 og var hann notaður til gólfskúringa.

SM-024:038 heimild um kálgarð
Rófugarðar voru staðsettir undir Kvíakletti og rófur voru einnig ræktaðar í flagi framan við Berg, og voru matjurtagarðar víðar.
Heimildir: Dagbók Sveins Jónssonar 1917

SM-024:039 heimild um hesthús
Hesthús var á vegur Egilsstaðabænda niðri á Víðum úti undir Eyvindará eins og hún rann þá. Húsin eru nú horfin, en voru byggð úr ýmsum efnum.

SM-024:040 heimild um kálgarð
Rófugarðar voru staðsettir undir Kvíakletti og rófur voru einnig ræktaðar í flagi framan við Berg, og voru matjurtagarðar víðar.
Heimildir: Dagbók Sveins Jónssonar 1917

SM-024:041 heimild um mógrafir
Tóftin var byggð í Flutningshöfðamýri 1916, 033, og mun svörður hafa verið tekinn í mýrinni um það leyti. Svörður var tekinn víðar, svo sem í Selinu og utan undir Egilsstaðaklettum.
Heimildir: Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-024:042 heimild um mógrafir
Svörður var tekinn víðar, svo sem í Selinu, 025, og utan undir Egilsstaðaklettum.
Heimildir: Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-024:043 heimild um mógrafir
Svörður var tekinn víðar, svo sem í Selinu, 025, og utan undir Egilsstaðaklettum.
Heimildir: Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-024:044 heimild um bænhús

"Bænhús voru í Mjóanesi, Tunguhaga, Höfða, Kollsstöðum og Egilsstöðum." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 127

SM-025 Berg

Hjáleiga Egilsstaða. Jörðin var ónafngreind í manntali 1703 en fyrst nafngreind í jarðatali 1847. Berg var í byggð fram til miðrar 19. aldar. SJM II, 198

SM-025:001 *Berg* bæjarstæði bústaður 65°15.718N 14°24.759V

Um 100 m suður frá gamla Egilsstaðahúsinu. Þar eru tveir klettan frammu á túninu og stóð býlið á þeim efri. Þar er nú hús Margrétar Pétursdóttur og Jónasar Gunnnlaugssonar á Efra-Bergi.

Heimildir: SJM II, 198

SM-025:002 heimild um smiðju 65°15.718N 14°24.759V

Á Efra-Bergi. Smiðjan var nálægt vesturhorni húss Magnúsar og Jónasar og fannst þegar húsið var byggt.

Heimildir: Óbirt gögn hjá Safnastofnun Austurlands

SM-025:003 *Bergishús* hús fjárhús 65°15.694N 14°24.866V

Um 100 m suður frá gamla Egilsstaðahúsinu. Fjárhúsið 14x5 m, stendur ennþá en er orðið nokkuð laslegt. það er steimsteypt með timburstöfnum og bárujárnsþaki. Fjárhús hafa staðið á Neðra-Bergi alla þessa öld, og e.t.v. einnig á Efra-Bergi eftir að búseta þar lagðist af. Húsin á Berginu gengu undir nafninu Bergishús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 7; Dagbækur Sveins Jónssonar

SM-025:004 þjóðsaga 65°15.633N 14°25.017V

Hóll í túni, nokkuð suður af húsi Margrétar og Jónasar. Á hólnum sjást einvherjar dokkir en ekkert sérstakt lag er á þeim. Járnarusl liggur einnig á hólnu. Stórgrýti stendur uppi úr grasinu.

SM-026 Kollstaðir

20 hndr 1847. Jörðin hefur ávalt verið í bændaeign og var í sérábúð fram til 1904 en þá var jörðin lögð undir Egilsstaði (II). Bændur á Egilsstöðum II bjuggu svo jafnframt á Kollsstöðum ótt setið hafi á Egilsstöðum. Í landi Kollsstaða er Þórsnes sem er sögustaður. Þar á þórslíkneski að hafa rekið á land. Á Þórsnesi voru haldnir nokkrir almennir þjóðmálafundir um miðja 19. öldina. Hjáleiga frá Kollstöðum var Kollsstaðagerði, er þess getið í fasteignamati 1947 en ekki fasteignamati 1918. Ekki er lengur búið á Kollsstöðum. SJM II, 197-198.

Á Kollsstöðum var ræktargott þýft tún (3,19 ha, taða 19 hb). Engjar voru þýfðar votar og dreifðar en gáfu af sér um 200 hesta af allgóðu heyi. Beitilandið var víðlent og gott

en ekki upprekstrarland. Skóglaust var í Kollsstaðalandinu en skógur hefur þar vaxið mjög. SJM II, 197-198; Ö-Kollsstaðir

SM-026:001 *Kollstaðir* bæjarstæði bústaður 65°14.754N 14°25.403V
Við enda vegaslóðans sem liggur upp frá Vallarvegi sunnarlega á ási þeim er Haungarðarnefnist og nær út að bílaverkstæðinu Dagsverki. Á gamla bæjarstæðinu stendur nú hesthús byggt úr ýmsum efnum. Í því er timburgrind klædd bárujárni á þaki er birkitróð. Húsið er einnig að nokkru leyti torfhlaðið. Leifar gamla bæjarins er um 12 m SA hesthússins. Ekkert stendur nú uppi nema leifar eins torfveggjar hlöðnum úr hnausum. Þesssi helðsla er mjög sigin og að hruni komin.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

SM-026:002 *Bæjarhóll* örnefni bústaður 65°14.765N 14°25.448V
"Í túninu á Kollsstöðum er Bæjarhóll" segir í Örnefnaskrá. Beint út af hesthúsunum og leifum gamla bæjarhússins. Hann er um 37x29 m að ummáli og liggur í SA-NV. Dokkir eru í hólnum. Líklega hafa þar einhverntíman staðið hús.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks
Heimildir: Ö-Kollsstaðir, 3

SM-026:003 réttartóft 65°14.779N 14°25.536V
Um 30 m í vestur frá hesthúsi. Ferköntuð rétt með hólfi (4x2,5 m) í NV horni. Grjóthleðslur sjást í húsinu en ekki réttinni. Timburgafl kann að hafa verið á vesturgafli hussins. Veggir réttarinnar eru útflattir og mjög sparkaðir af hestum. Hún er um 8x7,5 m en hleðsluhæð 0,5 m.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

SM-026:004 þúst 65°14.793N 14°25.493V
Þústin er staðsett við hól rétt vestan við hesthúsið. Hóllinn er 7x7 m að ummáli en þar eru engin merki vegghleðslu en grjót og bárujárn standa upp úr grasinu.

SM-026:005 heimild um bænhús
Ekki er vitað hvað það stóð, en talið er að bænhús hafi verið á Kollsstöðum í kaþólskum sið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH 1996, 16

SM-026:006 stekkjartóft 65°14.838N 14°25.345V
Á svokölluðum Stekkási yst á milli tveggja klettakolla í móti norðri. Tvíhólfa grasi gróin tóft um 7,5x6 m að utanmáli og er veggjahæð um 1 m. Mjög grónar leifar hálf-hringlaga tóftar eru greinanlegar austan vegin stekkjarins. Um 15 m vestan við tóftirnar er gamall bílvegur sem lá hjá Kollstöðum.

Hættumat: hætta

SM-026:007 tóft 65°14.838N 14°25.345V
Um 10 metra austan við stekkinn á Stekkási, 006, er smátóft. 1x1 að innamáli sem opin er til NA. Veggir eru lágir, um 0,3 m en grjóts gætir í hleðslu.

Hættumat: hætta

SM-026:008 stekkjartóft 65°14.819N 14°25.451V
Tóftin er neðan (vestan) í Ysta-Hraungarði skammt ofan heimreiðar að Kollsstöðum og sést hún vel frá heimreiðinni. Undir brekku í lítilli lág eða gildragi sem gengur inn í ásinn vestan frá. Þetta er ferkantalður grjóthlaðinn garður eða hólf um 11x11 að innanmáli. Hleðslur 1,5 m að æð sjást enn í garðinum en hann er þó orðin nokkuð gróinn og sumstaðar hruninn.

Garðurinn er hlaðinn þannig að brekkan myndar austurvegg hans. Op er á veggnum til SV. Í tóftinni liggja spýtur og bárujárn.

Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 16

SM-026:009 stekkjartóft 65°14.556N 14°25.840V
Innan til á kollinum að austanverðu er stekkjartóft. Tóftin stendur í skógi vaxinni lág um 100 m vestur frá Skinnbeðju. Tóftin er aflöng um 5x4 m að innanmáli og hæð vegggja um 0,4 m. Hún er mjög vaxin lyngi og grasi. Hvergi sést í hlaðslur. Inngangur sést í báðum endum.

Hættumat: hætta vegna gróðurs
Heimildir: HH 1996, 6

SM-026:010 heystæðistóft 65°14.566N 14°25.721V
Staðsett í mýrarþýfi um 4 m norðan við bakka Sinnbeðju. Tóftin er ferhyrnd, 1,5x0,6 m og veggjahæð 0,4 m. Hún er grænni en þýfið í kring um hana. Grjót sést í hleðslum.

Hættumat: hætta

SM-026:011 *Svarðargrafningur* náma mógrafir 65°14.747N 14°25.675V
Beint niður af Kollsstaðakolli í sundi milli kollsins og grjótáss sunnan heimreiðar. Á mýrarsléttu þar sem greinilega mótar fyrir svarðargröfum. Þetta svæði kallast nú Djúpagil.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollsstaðir, 1

SM-026:012 þúst 65°14.739N 14°25.518V
Suðvestan við hesthús og tóftir gamla bæjar í SA horni hólsins um 20 m innan við rétt. Þetta er hálf bogalaga myndun, 8x6 m, sem stendur hærra en nágrenni hennar. Ekki er víst um hvort um mannvirki er að ræða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-026:013 garðlag túngarður
Garðurinn sést utan túns við skurð sem skilur að túnið og mýrina norðan Skinnbeðju. Hann sést einnig í þýfi ofan skurðar en neðan brekkunnar sem heimreiðin liggur upp á. Veggurinn er mjög lángur og slitróttur. Á einum stað sést hleðslugrjót. Hann er samfelldari á kafla neðan brekku og virðist þar hafa verið notaður sem undirstaða undir girðingu.

Hættumat: hætta vegna rofs

SM-026:014 vegur leið
Vegur liggur frá bifreiðaverkstæðinu Dagsverki inn Hraungarða upp á bæjarhólinn um Kollsstaðklauf í gegn um túnið á Kollsstöðum og upp bratta brekku austast í Kollinum. Vegur þessi er enn vel greinanlegur en hann er þó orðinn nokkuð gróinn víðast hvar. Þetta er elsti bílvegurinn inn Austur-Vellina.

Heimildir: HH 1996, 16

SM-026:015 gata leið
Austur frá Kollsstöðum. Í holtinu fyrir austan Flóann og stenfa utanvert á Egilsstaðahálsinn. Þarna sjást einhverjar götur.

Heimildir: HH 1996, 16

SM-026:016 tóft 65°14.870N 14°25.828V
Undir brekku neðan klettakolls sem liggur næst vestan við Kollsstaðakoll. Um 40-50 m sunnan við veginn er liggur upp til Kollsstaða. Hún er 1,5x1,5 m að ummáli og er hleðsluhæð

0,4 m. Grjót sést á einum stað í hleðslu. Tóftin sker sig úr umhverfinu að því leyti að hún er nær eingöngu vaxin ljónslappa. Veggjaþykkt er um 70-100 cm og inngangur að suðvestanverðu.

SM-026:017 *Kollsstaðasel* beitarhúsatóft 65°14.214N 14°23.327V
Á Kollsstaðaseli var fyrrum sel en þar voru seinna byggð beitarhús. Tættur beitarhúsanna liggja rétt sunnan við Kollsstaðavatn (Torfatjörn) um 2 km austur af Kollsstöðum. Stærsta tóftin er tvískipt, fjárhús og hlaða. Stærra hólfið er um 4x17 m en minna hólfið í suðurenda um 3x4 m og er hleðsluhæð um 0,7 m. Í fjárhúsinu mótar fyrir garða eftir miðju húsinu. Dyr eru vestan til við miðjuna.
Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 17

SM-026:018 fjárhústóft 65°14.209N 14°23.315V
Um 10 m ofan stóru beitarhúsatóftarinnar áföst garðinum í kring um túnið er önnur fjárhústóft. Hún er með með garða og dyrum á vesturhlið. Hún er 8x6 m að utanmáli.
Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 17

SM-026:019 tóft 65°14.190N 14°23.315V
Um 13 m innan við aðaltóftina utan í garði sem liggur kring um svæðið, er ferhyrnd tóft. Ferhyrnd tóft 6x4 m sennilega heytóft. Hún stendur á smá hóli og liggur þvert á við hinar tóftirnar eða A-V.
Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 17

SM-026:020 garðlag túngarður 65°14.190N 14°23.315V
Garður þessi hefur legið umhverfis beitarhúsin. Garðurinn er mjög útflattur og vaxinn grasi og lyngblettum. Garðurinn er um 1-2 m að breidd og upp í 0,5 m að hæð.
Hættumat: hætta vegna gróðurs
Heimildir: HH 1996, 17

SM-026:021 garðlag túngarður 65°14.190N 14°23.315V
Mjög jarðsokkin garður liggur neðan Kollsstaðasel. Garðurinn er vaxinn lyngi, grasi og kjarri. Hann er 2 m breiður og er hleðluhæð 0,5 m. Garðurinn liggur utan við túngarðinn og virðist nokkuð eldri. Báðir verða garðarnir ógreinilegri á mýrarkafla neðan við hæðina sem fjárhúsin standa á. Útskot eða tóft 3x6 m er við garðinn á SA hlið hans.
Hættumat: hætta vegna gróðurs

SM-026:022 tóft 65°14.190N 14°23.315V
Neðan hólfs sem stendur við SA hlið edlri vallargarðs. Tóftin er aflöng, 10x4 m. og eru hleðslur mjög signar og ógreinilegar.
Hættumat: hætta vegna gróðurs
Heimildir: HH 1996, 17

SM-026:023 2 tóftir naust 65°14.991N 14°27.263V
Á höfða sem gengur út í Lagarfljót beint niður af tóftunum á Þórsnesi. Sunann til við höfðann er vík og stendur klettur við rætur hennar. Í krika milli kletts og víkur eru tvö bátaskýli í brekku. Tóftirnar eru báðar grasi og lyngi grónar, stærð 3x2,5. hleðsluhæð um 0,5. Bátaskýlin standa hlið við hlið (um 1 m bil á milli þeirra) ofan fjörunnar í víkinni. Sú sem stendur utar í víkinni í ívið minna gróin og er greinilegt bátslag á henni. Innri tóftin er meira

hrunin en hefur að líkindum haft svipað lag.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

SM-026:024 tóft 65°14.905N 14°26.952V

Ógreinileg tóft, sendur sunnan við lækjardrag á Þórsnesi miðju. Tóftin er 8x2 m að þvermáli, Veggir tóftarinnar sjást illa. Hún er mjög hlaupin í þúfur.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

SM-026:025 tóft 65°14.955N 14°27.011V

Í brekkunni sunnanvert í Þórsneshöfða ofan og norðan Þórsneslækjar. Löng tóft skiptist í þrjú hólf. Það stærsta er í miðjunni um 4x12m. Smærri hólf eru við báða enda, þar verasa er 3x3 m og það eystra 3,5x3,5, hleðsluhæð er um 1 m. Tóftin er orðin nokkuð gróin. Utan um tóftina liggja garðar. Hún er af íveruhúsi og hefur að líkindum verið búið í húsinu fram undir miðja 15. öld.

Hættumat: hætta

Heimildir: Steinunn Kristjánsdóttir: "Landnámsbær, kirkja, rétt ..."; HH 1996, 18

SM-026:026 garðlag túngarður 65°14.966N 14°27.077V

Garðarnir liggja utan um tóftina í brekunni sunnan til á Þórsneshöfða. Þeir eru tvöfaldir á kafla efst á holtinu ofan tóftarinnar. Er sem einn garður hafi legið yfir nokkuð stórt svæði utan um annan minni garð sem lá utan um tóftinar á nesinu. Stærri garðurinn liggur frá holtinu í SV niður niður til fljóts en beygir ofan við höfðann og liggur þar veinn á kafla út að Þórsneslæknum. Greina má áframhald á honum utan lækjar en þar beygir hann aftur upp til austurs. Garðurinn sést upp að kletti ofan hyljar í læknum. Þar hverfur hann á kfala en heldur síðan áfran handan lækjar. Báðir eru garðarnir mjög útflattir, algrónir lyngi og grasi og á stöku stað hlaupnir í þúfur. Lækur nærri að heildarlengd garðana sé um 700 m.

Hættumat: hætta vegna rofs

SM-026:027 tóft 65°14.999N 14°27.221V

Um 15 m upp frá ytri enda garðsins sem liggur meðfram Lagarfljóti er tóft. Tóftin er 3x2 m smátóft, lyngi vaxin og mjög ógreinileg. Hún hefur líkleg verið byggð utan í garðinn.

SM-026:028 *Þórsnes* sögustaður 65°14.955N 14°27.011V

Gengur fram í Lagarfljót í landi Kollsstaða nálægt merkjum við höfða og Vallnahrepp. Nafnið er þekkt úr þjóðsögu. Þar á að hafa verið Þinghof og þingstaður. Þarna voru haldnis svokallaðir Þórsnesfundir eða vorþing um miðja 19. öldina. FRIÐLÝSTAR MINJAR Á leiðinni þaðan stoppuðum við í Þórsnesi og leituðum að rústunum þar. Þar er stór malargryfja og engar rústir fundum við.

"Þórsnes er nesoddi sem liggur út í Lagarfljót. Nesið er í landi Kollsstaða í Egilsstaðahreppi, um 4 km suður frá Egilsstaðabæ. Upp af nesinu í suðaustur liggur Þórsneshöfði, sem er lágur ás með klettum að vestanverðu en með hallandi, lyngi vaxinni brekku að sunnanverðu. Þar í brekkunni er umrædd tótt en umhverfis hana, utan túngarðs, er mýrlendi. Útsýni yfir og eftir fljótinu er gott frá rústunum en handan fljótsins er annað nes, kallað Freysnes. Á því eru einnig miklar og athygilsverðar rústir. Rústin á Þórsnesi var friðlýst árið 1976, fyrir tilstilli Gunnlaugs Harladssonar þávernadi minjavarðar Austurlands.

Þórsnes er einn margra staða þar sem sagt er að þinghald hafi verið fram fyrrum. Því hefur einnig verið haldið fram að þarna hafi staðið hof. Á staðndum voru haldnir almennir sýslufundir í log síðustu aldar. Fundirnir voru haldnir í tjaldi eða undir berum himni. Sá síðasti var haldinn þar árið 1880. Helgi hallgrímsson, sem hefur skoðað margar rústir víða um Fljótsdalshérað, telur þó þólíklegt annað en að rústirnar og garðlögin séu leifar forns gerðis, notað sem fjárgeymsla fyrst og síðar sem stekkur.

Gunnlaugur Haraldsson kannaði rústina lítillega þegar hún var friðlýst árið 1976. Hann gerði meðal annars lítinn könnunarskurð í miðja rústina um leið og han festi friðlýsingarmerkið niður. Hann getur þess í dagbók sinni að hann hafi fundið gólfskán á 50 cm dýpi, nokkkurra sentimetra þykka, en nefnir engar tilgátur um hlutverk eða aldur rústarinnar.

Rústin á Þórsnesi er tæpir 30 metrar að lengd og um 10 metrar að breidd að útveggjum meðtöldum. Hún skiptist upp í fjögur herbergi eða hólf, sem eru mismunandi að stærð og eru millivegggir litlu lægri en útveggir. Rústin snýr austur-vestur og á langhliðinni, sem veit á móti suðri, vottar fyrir tveimur inngöngum. Rétt utan við rútina er litill ferhyrndur garður, sem er um 3 metrar á kant, og við hlið hans er óreglulegur haugur af svipaðri stærð. Um 20-30 metrum enn utar, utan um rústina og garðinn, er mikið stærri garður eða túngirðing, um 150 cm að breidd. Garðuirnn er hlaðinn úr torfi og trúlega grjóti einnig, en hann umlykur rústirnar. Út frá garðinum í austurátt liggur reiðgata.

Við rannsóknina var einn þriggja metra langur og eins meters breiður könnunarskurður tekinn í miðja rústina. Hann náði frá miðju hennar og út fyrir syðri langvegginn. Inni í rústinni kom í ljós þykk, kolablönduð gólfskán. Greinilegt er að rústin er af íveruhúsi, ef marka má gólfskán hússins. Aldur þess er nokkuð ljós. Eitt sýni var tekið til kolefnisaldursgreiningar úr henni og gaf hún niðurstöðuna AD 1410 +/- 60. Í sniðum könnunarskurðarins komu í ljós tvö gjóskulög, sem lágu óhreyfð yfir rústinni. Annað þeirra er Askja frá 1875 en hitt er dökkt frá Veiðivötnum, sennilega 1477. Af þessu má ráða að búið hafi verið í húsinu fram undir miðja 15. öld.

Gróður á rústinni og umhverfis hana bendir einnig til þess að húsið hafi verið í notkun á miðöldum. Erfitt er þó að fullyrða um hvenær það var fyrst byggt, því þegar búið var lengi á sama staðnum voru hús endurbætt áratugum og jafnvel öldum saman, ætíð á sama bjarstæðinu. ... Rústin á Þórsnesinu stendur á nokkuð háum hól en hann er trúlega að mestu gerður af náttúrunnar hendi, enda ber snið skurðarins ekki vott um annað byggingarstig á bæjarstæðinu en það sem sést á yfirborðinu."

Heimildir: Dagbók AF; Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 6-8

SM-026:029 heimild leið

Modgötuásar liggja nokkuð ofar en Stekkás ofan Kollsstaða. Þar hafa um hann legið götur upp á Kollsstaðasel. Þessar götur sáust ekki við talningu.

SM-027 Kollstaðagerði

Hjáleiga Kollstaða. Kollsstaðagerði heyrir til SA hluta hins gamla Kollsstaðalands. Gamli torbærinn var enn uppistandandi í fasteignamati 1918. Portbyggð baðstofa byggð um 1930, í notkun fram til 1952. SJM II, 196; Ö-Kollsstaðagerðis; Fasteignamat 1918

Gamla túnið var "holótt og brunahætt" pg "fremur ógreitt þýfi milli hólanna". Engjar voru góðar "mest þýft mýrlendi" Ræktunarskilyrði voru allmikil á móum og í mýrlendi. Tún voru 2,55 ha, taða 70 hb., úth 250 hb. Túnslétta 3433 m2. Vörslugarur um tún á tvær hliðar og vatnsveita á hluta engja. Túnið var líklega allt þaksléttað fyrir 1920. Fyrsta sléttun með jarðýtu var 1953. SJM II, 196; Ö-Kollsstaðagerðis; Fasteignamat 1918

SM-027:001 *Kollstaðagerði* bæjarhóll bústaður 65°14.085N 14°25.126V

Baðstofa var í túninu um 20 m austan við núverandi hús handan vegarslóða sem liggur upp að

bogaskemmu. Þetta er hóll sem snýr SV-NA en ytri mörk hans eru óljós. Hóllinn hefur verið sléttaður. Yst í honum vottar fyrir dældum sem benda til mannvirkja. Gamli bærinn stóð fram yfir 1970 en óvíst er hvar á bæjarhólnum hann var staðsettur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: HH 1996, 19; Ö-Kollsstaðagerði viðb, 2

SM-027:002 tóft 65°14.027N 14°25.016V

Sunnan til í túni, næst ofan við Kvíaholt. Grasivaxinn hóll og og í honum er lítil tóft 2x1,5 m. Hóllinn er stærri um sig en tóftin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-027:003 tóft 65°14.117N 14°25.152V

Fast við gamla túngarðinn að utanverðu, beint út af núverandi íbúðarhúsi. Grasi vaxin smátóft 3x2,5 m, Veggjaþykkt er um 1 m en hvergi sést grjót í hleðslunni. Líklega hefur túngarðurinn myndað suðurvegg og timburþil verið að vestanverðu.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

SM-027:004 garðlag túngarður 65°14.159N 14°25.146V

Utan og neðan við túnið. Um 1 m breiður og er hleðsluhæð 0,8 m. Hann sést neðan (vestan) við heimreiina á stuttum kafla og ofan heimreiðar á um 200 m löngum kafla. Liggur NV-SA frá heimreiðinni á um 130 m kafla. Beygir rétt ofan við bogaskemmu og liggur þar A-V. Girðing er á garðinum og er hann grasi gróinn. Hann hefur verið hlaðinn lárétt upp að utan en aflíðangi að innanverðu. Garðurinn sést einnig NA við túnið við svarðargrafir í Fitinni. Þar er ekki griðing á honum. Garður (annaðhvort gamli túngarðurinn eða áveitugarður) liggur meðfram túngirðingunni á kafla SA túnsins.

Hættumat: hætta vegna rasks

SM-027:005 hola sundlaug 65°14.138N 14°25.354V

Í mjóu sundi innan og neðan við túnið milli veggja klettaholta. Hlaðið er fyrir mýrarsund og hefur eflaust verið dýpra en nú. Innanmál eer 7x6 m en hleðsluhæð 0,8 m. Fyrirhleðsla, um 10 m löng, liggur nálega A-V. Garðurinn er grasi gróinn og hvergi sést í grjót.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kollustaðagerði viðb, 2

SM-027:006 garðlag áveita 65°14.005N 14°24.536V

Í þýfðu votlendisstykki utan og ofan við Kollsstaðagerðistjörn upp af bænum. Klettaholt að austanverðu. Nokkrir lágir samsíða garðar 0,2 m á hæð, liggja yfir móa NA-SV frá girðingu norðan tjarnarinnar. Það er 2-5 m bil á milli þeirra.

SM-027:007 garðlag áveita 65°13.950N 14°24.973V

Fyrir austan og sunnan túnið (núverandi girðingu) í grafningi austan undir móaholti. Garðurinn er 1,2 m á breidd og hleðsluhæð er 0,8 m. Hann líkist gamla túngarðinum. Lengd ofan túngirðingar um 100 m. Liggur ANA-VSV og beygir kringum holtið. Leiðir vatn frá kletti nokkrum austan við túngirðinguna. Liggur áfram innan túns á u.þ.b. 200 m. Garðurinn er ógreinilegur á köflum og sumsstaðar hlykkjóttur og misbreiður.

SM-027:008 þúst heystæði 65°13.949N 14°24.620V

Ofan við tjörnina um 30 m í A frá henni. Sunnarlega í sundi milli tveggja klettakolla. Grasi gróin þúst, 6x3 m óreglulega löguð. Kann að vera heytóft.

Hættumat: hætta

SM-027:009 stekkjartóft

Ofan við tjörnina um 20 metra frá tjarnarbakka, norðan undir klettakolli. Lítil ferhyrn tóft 2,5x2,5 m að innanmáli, staðsett upp undir brekkurótum. Brekkan myndar austurvegg tóftarinnar en hleðsluhæð er 0,8 m. Inngangur hefur snúið vestur að tjörninni. Hún er grasi gróin.

Hættumat: hætta

Heimildir: HH 1996, 16

SM-027:010 hesthústóft 65°14.018N 14°25.139V

Innan túns á holti suður af bænum. Engar kvíar sjáanlegar en ennþá er gamalt grjót og torfhlaðið hesthús uppistandandi þó að hruni komið. Húsið er 8x4 m að innanmáli. Tróð, torf og ján í þaki þess. Öskulag frá 1875 sést í strengjum í torfhleðslu. Grjóthelsðlur standa í u.þ.b. 1 m hæð. Torfhleðslur eru upp í fulla vegghæð en þó er hrunið úr torfinu. Stallur er í NV horni hússins hlaðinn einfaldri grjótröð og er hann um 30 cm hár.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Kollusstaðagerði viðb, 2

SM-027:011 náma mógrafir 65°14.153N 14°24.875V

Í Fitinni NA af bænum eru nokkrar ferkantaðar grafir. Lengd þeirra er mest um 3 m. Grafirnar má finna á um 30 m löngu og 8 m breiðu svæði sem snýr NA-SV.

Heimildir: HH 1996, 19

SM-027:012 náma mógrafir

Í móunum suður af Kollsstaðaseli. Móarnir eru lyngi vaxnir og einnnig ves þarna all þéttur birkiskógur. Fjöldi grafa er óviss. Grafirnar eru kringlóttar, botninn um 1,5 m í þvermál og víkka upp, 80-100 cm djúpar.

SM-027:013 náma mógrafir 65°13.959N 14°24.064V

Niður af Ytri-Sjónarási. Nákvæm staðsetning ekki kunn. Grafir þessar eru staðsettar rétt innan reiðgötu sem liggur upp á Egilsstaðaháls í dæld milli lyngi vaxinna holta. Dældin er grasi vaxin. Þar sjást 5 grafir, u.þ.b. hver þeirra um 1 m á breidd.

SM-027:014 hola vatnsból 65°13.928N 14°23.979V

Vatnsból er í læk upp í hlíð norðaustan Kollsstaðagerðis, um 80 m niður af rafstauralínu. Þarna hefur vatnsból verið grafið niður í læk rétt við grasblett nokkurn. Þetta er skammt ofan við svarðargrafir.

SM-027:015 tóft 65°14.007N 14°24.945V

Tóft er austan túnsisn rétt hjá áveitu. Lágvaxin og gróin smátóft. Húsið hefur verið tvískipt. Hún er 4x2 að innanmáli og 0,4 m á hæð.

SM-027:016 réttartóft 65°13.990N 14°24.900V

Réttin er staðsett 2 m frá klettavegg í Leyningi beint ofan við túnið og milli þess og mýrarflæmis. Mjög gróin og ferköntuð garðhleðsla 7x5 m að stærð og 0,5 m á hæð. Inngangur er við SV horn réttarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-027:017 brunnur vatnsból 65°14.065N 14°25.151V

Vatnsból er í mýrarsundi neðan við Kvíaholt.

SM-027:018 *Gerðistættur* beitarhúsatóft 65°13.482N 14°21.351V

“Austan í Hálsinum, um miðja vegu frá dalbotni upp á brún, eru tættur beitarhúsa frá Kollsstaðagerði, sem heita Gerðistættur” segir í örnefnaskrá. Tóftin stendur á háum hóli, um fimm metra sunnan á lækjarbakka eystri kvíslar Hálslækjar.

Tóftin er aflöng fjárhústóft með áfastri hlöðu. Fjárhúsið er 13x3 m að innanmáli með dyr til SA. Veggir standa í 80 sm hæð og steinar sjást í innbrúnum tóftarinnar allt upp í 50 sm hæð. Syðri langveggur er hruninn inn á við, sá nyrðri hruninn út á við. Hlaðan er áföst aftan við fjárhúsið. Hún er 2x3 m, og sjást steinar í hliðum hennar. Tóftin er annars mjög grasi gróin. Um 5-7 m aftan við tóftina er lítil, 1x2 hringlaga heytóft. Um 12 m framan við tóftina á frambrún hólsins er eins og upphlaðið skot. kann að hafa verið einhverskonar ívera til að fylgjast með fé, en gott útsýni er af hólnum frá þessum stað.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Kollsstaðagerði, 3

SM-027:019 heystæðistóft 65°13.463N 14°21.441V

Neðan við hólinn eru, báðum megin lækjar, einig þrír grasbalar sem kunna að hafa verið slegnir. Á tveimur stöðum mótar fyrir einhverjum mannvirkjum, e.t.v. heytóftum.

Hættumat: hætta

SM-027:020 tóft 65°13.482N 14°21.351V

Um 30 m ofan fjárhúsanna á suður bakka lækjarins er eins og smátóft, um 1,5x3 m, opin til SA. Hún er mjög gróin lyngi og máð og er mold í botni hennar. Vera kann að þetta sé einungis vatnsmyndun. Í kring um tóftina eru einhverskonar myndanir, e.t.v. tóftir en trúlega þó einhverjar vatnsmyndanir.

SM-028 Höfði

20 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 160. Vitnisburðarbréf um 10 hdr í Höfða á Völlum. Jarðabréf, 272. 1660, er til landamerkjalýsing um merki milli H og Kollastaða. Jarðabréf, 278. HÞ: Höfði. Samkvæmt Droplaugasonasögur lítir helzt út fyrir, að jörð sú, sem þar er nefnd Öngulsá, hafi verið sama jörðin og Höfði (Sbr. Safn til s. Ísl. II, 461). En samt þykri mér [HÞ] varasamt að setja það sem forna nafið á Höfða, enda gat bærinn at Öngulsá hafa farið af og verð fluttur þangað, sem Höfði er nú. Árbók 1923, 92. Sbr. Árbók 1967, 92. “Höfðaland nær frá Lagarfljóti þvert austur yfir Háls og austur á Eyvindarárdal að Eyvindará. Á suðurmörkum eru þessir viðmiðunarstaðir: Höfðaá, Ytri-Stekkjarlækur uppi undir Hábrekku framanverða, Hjallabrýr á hæsta stað, Miðhnúta og Eyvindará. Norðurmörk, sem jafnframt eru nú hreppamörk við Egilstaðahrepp, liggja frá Lagarfljóti 1-1,5 km innan við Þórsnes, suðaustur milli Kollstaðagerðir og Höfðasels og austur í Hnútulækjarfoss og Eyvindará.” SJM II, 185.

1918: Tún 4,4 ha, garðar 3340 m2. “Gamla túnið var kargþýft og sumt deiglent, grasgefið, engjar að mestu þýfðar, allvíðlendar hálfdeigjur og mýrar, í Höfðavatninu var stararheyskapur, “munu fást úr því að jafnaði 100 hestar af stör, ef vatnið er allt slegið” (F´18). Rækturnarskilyrði eru mikil á lyngmóum og mýrum.” SJM II; 185.

SM-028:001 *Höfði* bæjarhóll bústaður

“Fjárhús eru á túninu fram og upp af íbúðarhúsinu. þar stóð bærinn áður.” segir í örnefnalýsingu. “Stór torfbær, baðstofa byggð uppi og niðri. Bærinn stóð um 100 m austur af núv. húsi, hann brann ´23.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 185; Túnakort 1918; Ö-Höfði, 3

SM-028:002 heimild bænhús
“Bænhús voru í Mjóanesi, Tunguhaga, Höfða, Kollsstöðum og Egilsstöðum.”
Heimildir: SJM II, 127

SM-028:003 *Höfðakollur* örnefni
“Höfðabær stendur nú framan (sunnan) í Höfðakolli, sem er há klettahæð utan við bæinn. Talið er, að höfðakollur sé þinghöfði í sambandi við þing á Þórsnesi rétt utan við Höfðaland.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfði, 3

SM-028:004 garðlag kálgarður
“Árið eftir, 1852 ... stærsti kálgarðurinn þá hjá Gísla Hjálmarssyni á Höfða 180 ferfaðmar.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 128

SM-028:005 *Hjáleigutún* örnefni
“Þar sem íbúðarhúsið á Höfða er nú, var kallað Hjáleigutú. Inn og niður af Hjáleigutúni, á bakka Höfðaár, er hæð sem heitir Kárahaugur. Þar var Kári frá Höfða heygður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfði, 3

SM-028:006 *Kárahaugur* þjóðsaga legstaður
“Hún kemur við sögu í Austfirðingasögu fornu, þar bjó Kári, einn liðsmanna Helga Ásbjarnasonar í Kálfahólsbardaga. Haugur Kára kvað vera í landareigninni, en nú óvíst hvar.” segir í Sveitum og jörðum. “Inn og niður af Hjáleigutúni, á bakka Höfðaár, er hæð sem heitir Kárahaugur. Þar var Kári frá Höfða heygður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 184; Ö-Höfði, 3

SM-028:007 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
“Utan við gamla bæinn er hóll, sem heitir Smiðjuhóll.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfði, 3

SM-028:008 *Fjósatunga* örnefni fjós
“Inn af gamla bænum hét Fjósatunga.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfði, 3-4

SM-028:009 *Rauðshaugur* þjóðsaga legstaður
“Efst á hálsbrún stendur Rauðshaugur, píramítalagaður urðarhnjúskur, skáhallt út úr hlíðinni og áberandi. Um hann er þjóðsögur.” segir í Sveitum og jörðum. “Norðurbrún hálsins er kölluð Grjótbrún. Á Hálsi beint upp af Höfða er hnjúkur, sem kallaður er Rauðshaugur. Þaðan er mjög víðsýnt. Þarna á að vera heygður fornmaður, Ásröður landnámsmaður frá Ketilsstöðum.” segir í örnefnalýsingu.

FF: “Hvad Raudshauginn snerter, þá er hann ad minu Álite ekkert annad en af Náttúrunni siálfgioördur Melhóll rett samkynjia fleyrum samslags minni Griothædum sem þar eru í Nánd, er med éngu géfur Árillu fyrir, ada sýnir Spor til ad á höndum séu Manna Verk þar þad Stórgrýte er I höndum finnst hvörke liggur I minstu Ordu og er þaradauk stærri enn svo ad neinn fái leidt ser I Hug ad þad se af Mönnum þángad borid, eins og siálfur Hóllinn, hvörki sökum Stærdar né Lögunar, gétur med nokkrum Líkindum álitist Haugur af Mönnum orpinn, hvarum Menn og ecke, svo er vite, hafa neina trúlega tradition og enn sídur Rit; þad er líka mögulegt ad þessi nú svokallade Raudshaugur drægi Nafn sitt af einhvörium er Raudur hefde

heited fyrer adra Ordsök enn þá ad þessi hefde under honum heygdur verid, og ei sídur hitt ad traditionin hefdi aflagad nafn hennar, sem í fyrstu máske hefdi verid Haugur ad Steinum med leyrraudum Lit sem I hönum finnast."

Heimildir: SJM II, 185; Ö-Höfði, 7; FF I, 43

SM-028:010 *Knútusel* beitarhúsatóft 65°12.801N 14°21.081V

"Knútusel er nefnt í Droplaugasonasögu. "Þar var lengi selstöð sunnan undir höfða", segir Sigurður Gunnarsson (Safn til sögu Ísl. II, 466.). Síðar voru þar beitarhús frá H, löngu aflögð." segir í Sveitum og jörðum. Í örnefnaskrá Kollsstaðagerðis segir: "Einnig eru þar, rétt utan við Hnútulæk, sem er á landamerkjum við Höfða, fornar rústir, sem eru kallaðar Hnútusel. Tóftirnar eru staðsettar á lyngi vöxnum hjalla skammt utan við foss í á þeirri sem rennur utan við Hnútuna (Hnútulækur).

Stærsta tóftin er þríhólfa og hefur verið innangengt milli allra hólfanna. Virðast tvö þeirra hafa verið fjárhús og smærri hlaðan áföst fjárhúsinu. Garður er áfastur tóftinni liggur í boga um 1-2 m neðan hennar. Smátóft um 2x2 m er staðsett um 3 m aftan (NA) tóftarinnar. Ofan hennar í um 10 metra fjarlægð liggur 60 m langur beinn garður. Tvær samliggjandi tóftir (stekkur) eru í um 2 metra fjarlægð suður af stærstu rústinni, norðan í lækjardragi. Lengri tóftin er tvóskipt, grafin inn í barð að vestan en upphlaðnir veggir að austanverðu. Allar eru tóftirnar mjög lyngi vaxnar en aðaltóftin virðist þó vera yngi en sú sem staðsett er í lækjardraginu.

Heimildir: SJM II, 185; HH 1996, 9; Ö-Kollsstaðagerði, 3

SM-028:011 *Grjótagerði* heimild beitarhús

"Önnur beitarhús voru á Höfðaseli og hin þriðju á Grjótgerði." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 185

SM-028:012 garðlag túngarður

"Túngarður, enn leifar hans á kafla." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 185

SM-028:013 heimild áveita

"Áveituskurðir og -garðar frá 19. öld." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 185

SM-028:014 *Höfðasel* bæjarstæði býli

"H var afbýli frá Höfða. Þar virðist aldrei hafa verið sjálfstæð ábúð, því að býlið er ekki nefnt í jarðabókum á 19. eða 20. öld. Þó mun býlið vera gamalt; því að Halldór Stefánsson hefur fundið þrjú nöfn á því, Höfðasel, Höfðahús og Höfðahjáleiga. H var í byggð flest ár frá 1904-1922. H er um 1,5 km austur af höfða, rétt sunnan við túnið í Kollstaðagerði. Þar voru beitarhús frá Höfða, eftir að ábúð lauk." segir í Sveitum og jörðum. HS: "Höfðasel, Höfðahús, Höfðahjáleiga mun vera eitt og sama býli fráHöfða. Var í ábúð síðast 1873. 1920 er tún þar 0,7 ha. og garðar 150 m2.

Heimildir: SJM II, 186, Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 172

SM-028:015 *Kvíahraun* örnefni kvíar

"Innan við Þýfin rétt ofan við túnið er hæð, sem heitir Kvíahraun." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfði, 5

SM-028:016 heimild rétt

"Inn af læknum áðurn. Er hæð, sem heitir Snarahraun eða Snös. Þar vað lögrétt fyrir Austur-

Velli.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfði, 5

SM-029 Ketilsstaðir

50 hdr um 1570. 40 hdr 1847. 1367: “clviii. Christfiarjordunne a ketilstodum fylger xij ær. þriar kyr. hundrad j virdingarfie. þar a ad vera þriggia marka omage”. DI III 232 1397: Getið í máldaga Vallaneskirkju. DI IV, 204. 1494: Í testamentisbréfi Páls Brandssonar á M gefur hann jarðirnar Ketilsstaði á Völlum, Kollsstaðir og Mýnes. DI VII, 233. 1550: Ketilsstaðir á Völlum nefndir í festingabréfi Bjarna Marteinssonar og Guðríðar Þorsteinsdóttur. DI XI, 796-797. 1570 og síðar er máldagi hálfkirkjunnar á Ketilsstöðum, þá er garðurinn 50 hdr. DI XV, 685. 1572: “Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilsstöðum lýsir yfir því, að hún gefi Vallaneskirkju tvö hundruð faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Hinn helmingurinn heyrir áfram undir Ketilsstaði. Þetta geldur hún kirkjunni fyrir þann reka, 2 hdr. faðma. sem fylgja átti Víðastöðum, en sú jörð var lögð Vallanesstað fyrir tíundir og lýsistolla, þegar gerð var hálfkirkja á Ketilsstöðum.” Jarðabók 277.

Hjáleigur Kelduhólar, Hallberuhús og Útnyrðingstaðir. “Hallberuhús voru í túninu og fyrr afbýlin Hraukur, Kinn, Oddagerði og Steinagerði, en Sigurðagerði frá bæ. Hjáleigan var í ábúð 1872, en afbýlin fram á 18. Og 19. öld. Nú hafa verið byggð úr Ketilsstaðalandi þrjú nýbýli: Unalækur, Stangarás og Langahlíð. Mörk K ásamt nýbýlunum eru nú í stórum dráttum þessi: Að norðan talið frá fljóti: Höfðaá upp að þjóðvegi, þar 300-400 m suður með vegi og austur á Völusteinsás, suður hann og sa. mitt á milli Lönguhlíðar og Kelduhóla og upp á brúnir nálægt Timburhöfðalæk (sem fellur niður hjá Kelduhólum), síðan na. Í Eyvindará 30-400 m norðan við Köldukvíslarós rétt neðan við Fagradalsbraut. Austur mörk eru við Eyvindará og Fagradalsá, um 3-3,5 km inn frá Köldukvísl á móts við Innri-Sauðahnjúk. Einhverja hólma eiga K vestan við núverandi aðalkvísl Grímsár þar voru fyrr þrætuland K og Vallaness. Ennfremur eiga K Hjallaskóg í landi Beinárgerðis.” SJM II, 176-177. 1918: Tún 12,6 ha, garðar 6256 m2. “K eru landkostajörð og hentar vel til búskapar nú sem fyrr, en hefur tæplega slíka umframkosti yfir fjöldann af öðrum jörðum sem áður. Það gerðu fyrst og fremst engjarnar.” SJM II, 177.

SM-029:001 *Ketilstaðir* bæjarhóll bústaður
“Torfbær aflagður laust eftir ´10. Þá byggt steinhús.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 177

SM-029:002 heimild útkirkja
Hjáleiga Hafursár. “Bærinn stendur allhátt uppp frá Lagarfljóti og ofan vegar neðan við Freyshólafell (307 m) umkringdur klettahjöllum og dökkum fellum, sem rísa upp af landinu víðs vegar, en þrengjar þó ekki að. Landinu hallar niður af ljótinu og skiptast á mýrlendi, holt og hólar. Athygli vekur að landið er gjörsamlega skóglaust og þó ekki nema 2-3 km í Hallormsstaðaskóg. ... Landamörk við Hafursá liggja að Freyshólalær rétt við fremra og neðra túnhornið og síðan skáhallt upp brekkuna til sa. upp á hálsinn rétt sunnan við Freyshólsfell. Mörk við Mjóanes eru frá norðurenda fellisins og stefna á lítið ónefnt vik í fljótsbakkanum innan við Mjóanesið. F eiga nú ekkert land fyrir neðan tún og telur heimildam. Jón Guðmundsson, að spildur bæði neðan af og framan af landinu hafi verið hafðar af jörðinni.” SJM II, 143.

1918: tún 2 ha, garðar 520 m2. “Gamla túnið var þýft að undanteknum nokkrum snöggum hólum, fremur harðlent og jarðgrunnt. Engjarnar voru samfelldar á mýrlendi aðallega, þýfðar, fremur snöggar, slegnar annað hvert ár. Beitiland er í meðallagi, mjög snjólétt og fjárgeymsla hæg ...” SJM II, 143.

SM-049:001 *Freyshólar* bæjarhóll bústaður
LH: “Héðan er talin hjáleiga: Freyshólar. Sá bær stendur sunnan í hólum út og upp frá Hafursá og er um 1/4 míla á milli; nær hálsi eða felli fyrir ofan en Lagarfljóti.” “Gamli torfbærinn stóð sunnan undir Eldhúshól, sem heitir með réttu Freyshóll. Mun byggður fyrir aldamót í tíð Jóns Guðmundssonar. Baðstofa, portbyggð, í einu lagi uppi, 3 rúmlengdir, fjós undir palli.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Lýsing Hallormsstaðarsóknar 1874, 107; SJM II, 144; Túnakort 1918

SM-049:002 heimild
“Það mun vera gamalt mál, að í fornöld hafi verið hof á F, þar sem bærinn stendur nú, og kom að síðustu niður á hleðslur líkar hlóðum er grafið var fyrir íbúðarhúsinu 1949.” segir í Sveitum og jörðum. 9.7.1992: “Talaði … við Huldu Jónsdóttur, fædda og uppalda þar. Hún hafði aldrei heyrt minnst á neitt um hof eða þvílíkt.”

Heimildir: SJM II, 143; Dagbók OV 1992

SM-049:003 garðlag túngarður
“Brot úr túngarði úr torfi og grjóti.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 143

SM-049:004 *Kletthús* heimild fjárhús
"Kletthúsatún hét fyrir utan og norðan bæ." "Á Kletthúsatúni stóð Kletthús (fjárhús)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:005 *Dældarhús* örnefni
"Dældarhús hét líka utan við bæ." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:006 *Lambhús* heimild lambhús
"Lambhús var frammi á túni, Hesthús frammi og uppi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:007 heimild hesthús
"Lambhús var frammi á túni, Hesthús frammi og uppi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:008 *Kofi* heimild útihús
"Kofi hét frammi og niðri á túni, kringum hann var Kofaþýfi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:009 *Fellshús* heimild beitarhús
"Beitarhús, "Fellhús", sunnan undir Freyshólafelli, aflögð fyrir aldamót." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 143

SM-049:010 *Stekkholt* örnefni stekkur
"Utan við Ásmýri eru Stekkholt sem liggja út undir Feta." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:011 *Kiðutættur* örnefni
"Utan við Ásmýri eru Stekkholt sem liggja út undir Feta. Grjótdalur er þar fyrir ofan. Hann nær undir Kiðutættur sem eru ofan við Feta." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 2

SM-049:012 *Kvíabólslækur* örnefni kvíar
"Smálækur, nefndur Kvíabólslækur, rennur niður við Blána." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Freyshólar, 3

SM-049:013 *Freyshóll/Eldhúshóll* örnefni
7.9.1992: "Stóri hóllinn rétt vestan við núv. íb. hús heitir Freyshóll, Eldhúshóll í daglegu tali."
Heimildir: Dagbók OV 1992

SM-050 Hallormsstaður

Kirkjustaður, 14 hdr. 1695. 1179: Þar er kirkjustaður sem Þorlákr bp nær ekki undir sig; Þorlákssaga yngri. Bsk I, 282. c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4 Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 144. Kirkjustaður. Hallormsstaður og hjáleigur áttu afrétt á Gilsárdal og Buðungavallaheiði, nú afrétt hreppsins. "Kirkjujarðir voru. Mýrar og Geirólfsstaðir í Skriðdal, Áreyjar í reyðarfirði og hálfir Hrollaugsstaðir í Hjaltastaðaþinghá, og helstu ítök; Péturssandur, hálfur Hrollaugsstaðasandur, báðir við Héraðsflóa, og hólminn í Skriðuvatni. Tekjur eru taldar "fyrir skógar' og afréttarlán". Rekaítökin lentu undir Vallanes, vafalaust er brauuðin voru sameinuð. ... H á ásamt hjáleigunum land utan frá Hafursá og inn að og upp með Gilsá, Gilsárdalsafrétt og Hraungarð að vatnaskilum allt suður á Hornbrynju, þar sem landið gengir í odd milli Skriðdals- og Fljótsdalsafrétta. Heimalandið liggur í mjúkum boga með eystri strönd og innsta hluta lagarfljóts utan frá Hafursánni við skógarmörkin og inn undir Gilsá. Landið horfir mót norðvestri, og því hallar öllu af Hallormsstaðahálsi niður að fljóti. Segja má, að neðan fjalls sé það mishæðótt hlíð. Á skiptast hjallar og hólar, og aflíðandi spildur frá fjalli að fljóti. Víða ganga höfðar og háar klettabríkur fram í fljót, en á milli víkur og vik, með fjöru úr ljósri líparítmöl kringum Ormsstaði. ... Mýrlendi var allmikið, en nú þurrkað að mestu af birkiskógi og framræslu. SJM II, 126, 133.

1918: tún 6,6 ha, garðar 760 m2. "[F 1918]Þriðjungur túns sléttaður, ræktunarskylirði góð. Engjar grasgefnar, greiðfærar, þurrar, nærtækar, samfelldar. beitiland kjarngott og snjólétt, fjárgeymsla erfið, fé fjallsækið." SJM II, 134.

SM-050:001 *Hallormsstaður* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

SM-050:002 heimild kirkja

"Kirkja var á Hallormsstað frá miðöldum, en lögð niður 1895 og kirkjan rifin 1910. Kirkjustæðið og kirkjugarðurinn eru rétt utan við Hallormsstaðabæinn. Í kirkjugarðinum fannst árið 1908 hluti úr keri, sem talið er vígsluvatnsker úr kaþólskum sið, og var það sent Forngripasafninu." segir í örnefnalýsingu.

HALLORMSSTAÐIR Í SKÓGUM (SM) -Pétri

1179: Þar er kirkjustaður sem Þorlákr bp nær ekki undir sig; Þorlákssaga yngri. Bsk I, 282.

c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4

1397: a heimaland allt ... Myra land og Geirolfstadaland. Areyiar. fiordung i Kiellduda1. Diupadal halfann er liggur hia Stafsheidi [+nautahöfn, mansfar í gásveiði, skógarteiga, létorfnaskurð, fjöru, hvalreka,matreka, hólma og 100 álna afgreiðslu í Mjóanesi]

Þangad liggur tiund oc lysitollar af iiij bæiumm. bænhvs tvo. takast af audru xij aurar. enn audru x aurar.

Þar skal vera prestur oc diakn

Jtem gefist til hestur oc ij kugilldi oc er olukt Sira Joni.

Jtem olucktur i forna jnnstædu þrevetur vxe. xj merkur vax.

portio Ecclesiæ vmm næstu ij är halfur xiiij eyrer.

Wmm vij ar medann sira Gudine var fellu cc. tok hann annad firir atbot kirkiu. enn annad oluktt.

Olukt portio medann sira Jon Þordarson var; Máld DI IV 207-209

1411: Obitus Þorsteins prestz Andres sonar. ...hafdi hann þa halldit Hallorm stadi vm morg ar; Lögmannsannáll, IA, 290

1524: Máld DI IX 259-260

1530: Máld DI IX 563

1575: Máld DI XV 682-683

27.2.1880: Hallormsstaðasókn lögð undir Vallanes, en var fyrst um sinn þjónað frá Þingmúla; (PP, 11) [lög]

28.2.1895: Hallormsstaðakirkja lögð niður og sóknin lögð til Þingmúlakirkju; (PP, 11)

[landshöfðingjabréf]
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,2; SJM ll, 132-134; Árb. 1910, 76

SM-050:003 heimild leið
“[Í landamerkjalýsingu segir:] Að utan ræður Hafursá inn og upp að reiðgötum, sem ráða mörkum austur á Skarðshrygg.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,2

SM-050:004 heimild leið
“[Skv. landamerkjabók S.Múl. átti Brekka í Fljótsdal ítök í landi Hallormsstaðar:] Skóg út frá Klifá að Ljósa, upp að reiðgötum” (nú þjóðvegi).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,3

SM-050:005 heimild hesthús
“Hafursá skiptir löndum milli samnefnds bæjar og Hallormsstaðar. Næsti lækur er Borgargerðislækur, þá Hesthúslækur, sem rennur um túnið á Ormsstöðum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,4

SM-050:006 *Sellækur* örnefni sel
“...næsti lækur [fyrir innan Jökullæk] er Sellækur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,4

SM-050:007 heimild mylla
“Myllusund mun hafa heitið mýrarsund fyrir neðan það sem nú er Hjalli. Ég man eftir kvörnum þar úr gamalli myllu, segir í leiðréttingum og viðbótum Þórhalls Guttormssonar við örnefnaskrá Hallormsstaða.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

SM-050:008 *Borgargerði* bæjarstæði býli
“Inn af Mylluhvammi er Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði, sem er þar fyrir innan. Borgargerði var í byggð nokkur ár um miðja 19. öld. Rústir eru á tveimur stöðum, því að bærinn var færður.” “Þar bjó húsmaður fáein ár á þessari öld. Nú eru þar beitarhús og girt tún. Fyrir engjaleysi er óbúandi á öllum þessum kotum, eða beitarhúsum, einkum síðan skógurinn féll.” segir í örnefnalýsingum. Í örnefnalýsingu c er talað um Borgargerði efra og neðra.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,5; Ö-Hallormsstaður.c.1; Sigurður Gunnarsson: “Lýsing Hallormsstaðarsóknar”, 110

SM-050:009 *Borgargerði* bæjarstæði býli
“Inn af Mylluhvammi er Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði, sem er þar fyrir innan. Borgargerði var í byggð nokkur ár um miðja 19. öld. Rústir eru á tveimur stöðum, því að bærinn var færður.” segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu c er talað um Borgargerði efra og neðra.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,5; Ö-Hallormsstaður.c.1

SM-050:010 *Kolakinn* örnefni kolagröf
“Inn og upp af Mylluhvammi heitir Kolakinn, ofan við Borgargerðissund.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,5

SM-050:011 *Ormsstaðir* bæjarstæði býli
“Neðst við Lagarfljót er eyðibýlið Ormsstaðir, rétt utan við Hesthúslæk, sem rennur þar í túninu. Þetta býli fór í eyði fór í eyði 1937 [...]. Bærinn stóð rétt við þjóðveginn, sem nú er, sunnan í hól, sem kallaður er Ormsstaðahóll.” segir í örnefnalýsingu. “O eru hjáleigu frá Hallormsstað, fornbýli frá söguöld og er getið í Droplaugasona sögu og Fljótsdælu og nefnast þar Oddsstaðir. Þar bjó Helgi Ásbjarnarson er hann missti Droplaugu komu sína í fljótsvök á Þrælavík innan við höfðann, sem bærinn stóð austan í. Í Brandkrossa þætti er frásögn af Oddi sindra, er fyrstur valdi sér þar bústað. Á O var búið allt til 1935 en jörðin þó ekki á jarðaskrá í J´47. Frá 1907 voru ábúendur starfsmenn hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað og höfðu búskapinn sem aukagetu. Í F ´18 er býlið metið með Hallormsstað. Býlið var utarlega í Hallormsstaðalandi, bær og tún á höfða, sem gengur fram í fljótið, en engjar aðallega á mýrum austan við. Mýrarnar voru ræstar fram 1954 og 1958 og eru nú mjög vaxnar skógi og bæjarhús molduð að fullu.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,5; SJM II, 140-141

SM-050:012 *Hesthúsagrund* örnefni hesthús
“Í túni á Ormsstöðum hét Reiðbali og ofarlega í túni Hesthúsgrund.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,6

SM-050:013 *Borgargerðisrétt* heimild rétt
“Inn af Borgargerði er Borgargerðisás, þar nálægt var Borgargerðisrétt.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,6

SM-050:014 heimild stekkur
“Framan og ofan við Borgargerðisás er hár klettur, sem Guttormur Pálsson nefnir Stekkjarklett, nú er þessi klettur nefndur Fálkaklettur [...]. Stekkurinn á Ormsstöðum var neðan við klettinn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,6

SM-050:015 heimild áveita
“Nokkurn spöl neðan við Fálkaklett var mýrarsvæði, sem var Ormsstaðalón, í daglegu tali kallað Lón. Áður var þar áveituengi en nú er það framræst og skógi vaxið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,6

SM-050:016 tóftir sel
“Ofan við [Lýsihól] er Lýsihólsmýri. Þar upp af heitir Selhjalli. Á þeim hjalla eru óglöggar rústir, sem eru taldar fornar selrústir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,6

SM-050:017 *Ormsleiði* þjóðsaga legstaður
“Ofan við Hesthúslæk hét Austurtún. Þar upp af er hæð í skóginum, sem kölluð er Ormsleiði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,7

SM-050:018 heimild leið
“Næst Fljóti, innan við Ormsstaðavík innri, er klettur, sem heitir Ormsstaðaklettur (venjulega nefnt Klif). [...]. Innan við Klifið tekur við svæði, sem heitir Gatnaskógur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,7

SM-050:019 þjóðsaga
“Neðan við Gatnaskóg er vík við Fljótið sem heitir Þrælavík. Þar drukknaði Droplaug (Þórlaug), fyrri kona Helga Ásbjarnarsonar (Sbr. Droplaugarsonasögu og Fljótsdælu).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,7

SM-050:020 *Vínlækir* heimild vatnsból
“Í Gatnaskógi eru uppsprettulindir, sem heita Vínlækir, þar er talið að hafi verið áningarstaður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,7

SM-050:021 heimild áfangastaður
“Í Gatnaskógi eru uppsprettulindir, sem heita Vínlækir, þar er talið að hafi verið áningarstaður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,8

SM-050:022 *Skriðdalsvegur* heimild leið
“Gamlar götur liggja yfir Hólana frá túni á Hallormsstað, götur þessar lágu út og upp (A) yfir Hálsabrekkur og Hallormsstaðaháls til Skriðdals og eru nefndar Skriðdalsvegur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,8

SM-050:023 *Bjargsel* bæjarstæði býli
“Utarlega við Bjarselsbotna eru rústir af eyðibýli, sem hét Bjargsel. Samkvæmt eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar var það í ábúð fáein ár á 19.öld.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,9

SM-050:024 heimild stekkur
“Þar sem Húsmæðraskólinn var stekkur.” “Meðfram Staðaránni er Stekkurinn. Þar stendur Húsmæðraskólinn.” segir í örnefnalýsingum.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,9; Ö-Hallormsstaður.c, 1

SM-050:025 *Svarðarbotnar* örnefni mógrafir
“[Tún ofan við þjóðveg er kallað Skólatún]. Þar upp af heita Svarðarbotnar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,9

SM-050:026 *Akurgerði* örnefni akur
“Yzt í túni heitir Akurgerði. Þar er nú bústaður skógarvarðar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,9

SM-050:027 *Nátthagi* tóft kvíar
“Rétt fyrir ofan Fjósakamb og innan við túnið heitir Nátthagi, gamlar kvíarústir.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

SM-050:028 *Fjóshóll* örnefni fjós
“Innan við bæ er Fjóshóll. Þar er klettarani sem heitir Fjósakambur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:029 *Kvíabali* örnefni kvíar
“Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:030 *Barnahellir* heimild leikvöllur
“Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:031 *Ferjutangi* örnefni ferja
“Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna. Þar fyrir innan er Ferjutangi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:032 *Vegakelda* örnefni leið
“Innan við túnið á Hallormsstað er keldudrag sem heitir Vegakelda.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:033 heimild rétt
“Spölkorn innan við Barnaskólann er klettur við fjallsrætur, sem heitir Sölvaklettur. Fjárrétt var við klettinn og er hann nú stundum nefndur Réttarklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,11

SM-050:034 *Kolagrjót* örnefni kolagröf
“Út og upp af Sölvakletti er lægð, sem heitir Kolagjót, en beint upp af fyrrnefndum kletti heitir Kiðuklauf.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,11

SM-050:035 *Hallormshaugur* þjóðsaga legstaður
“Niður af Langamel er hæð sem heitir Hallormshaugur (þar var Hallormur heygður).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,12

SM-050:036 *Remba* heimild leið
“Ofarlega í Hádegisfjalli eru Háubalar. Remba heitir gömul gönguleið upp Hádegisfjall, innan Staðarár. Leið, er farið var austur (S.A.) í Mýrar, bæ í Skriðdal.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,12

SM-050:037 *Selvegur* heimild leið
“Ofan við Jónsskóg liggur gamall stígur gegnum skóginn, kallaður Selvegur. Hann liggur frá þjóðvegi ofan við Mörkina að gömlum beitarhúsum innan við skóg.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,13

SM-050:038 *Atlavíkurstekkur* heimild stekkur
Ofan við [Atlavíkurlund] eru rústir af stekk...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,13

SM-050:039 tóftir

IF: “Maðr hét Þórir. Hann var sonr Atla, er bjó í Atlavík fyrir austan vatn. Þar eru nú Sauðhús.” Ofan við [Atlavíkurlund] eru rústir af stekk og aðrar fornar á sama stað, þar heitir Atlavíkurstekkur. Þarna er sagt að bær Graut-Atla hafi staðið, og dregur víkin nafn af honum.” segir í örnefnalýsingu. Leifar fornbýlisins með túngarði voru friðlýstar árið 1930. 1996 rannsakaði Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur rústina, og kom þá í ljós að þarna hefur ekki verið mannabústaður, heldur líklega gripahús. Þarna eru því ekki rústir fornbæjar, eins og talið var. Rústin er hins vegar mjög gömul, trúlega frá upphafi byggðar á Íslandi.

1893: “Hér en ein aðaltóft, sem er svo stór, að hún er 87-90 fet á lengd. í tóft þessari er ekkert skilrúm eða millumveggr, hefir því þetta verið afarstór geimr. Hún stendr í töluverðum halla móti úrsuðri og eru dyr á neðri enda. Við vestri hliðvegg, nokkuð fyrir ofan miðju, er stór útbygging, enn á henni engar dyr nema inn í aðal-tóftina. útbygging þessi er hálf kringlótt fyrir utri enda, sem er fornt eikenni og samkvæmt því sem eg hefi áðr fundið á fornum tóftum. Neðan við útbygginguna er tóft, og sami hliðveggr undir henni og aðaltóftinnni, enn sá hliðveggr virðist ekki hafa náð, eins langt niðr og nú lítr út, enda er þetta orðið mjög svo niðrsokkið; mega þetta því heita tvær útbyggingar úr aðaltóftinni. Aðrar tóftir eru hér ekki nálægt, og hafa aldrei verið. Fyrir skömmu var reistr lítill kofi í efri enda aðaltóftarinnar, svo að eigi sést öll lengd hennar með vissu, og getr hún því hafa verið nokkuð lengri enn hér er sagt, og má enda sjá þess merki, því það er aðusjáanlegt, að hið efra gaflhlað hefir hlaupið mjög svo innundan brekkunni. Tóftirnar eru fornlegar; veggir ákaflega úrflattir og vallgrónir, enn þó glöggvir. Þessar tóftir, í slíkum halla og jarðvelli sem hér er, sem vatn ekki getr etið sundr, geta staðið mjög svo lengi, enda hafa þessar tóftir fornlegt úrlit eins og áðr er sagt. Nokkur vottr sést fyrir túngarði, einkum að neðanverðu, enn mjög er hann niðrsokkinn.” Samkvæmt þjóðsögunni lenti Atli í missætti við Herjólf bróðurson Herjólfs. Hann varð sekur skógarmaður og leyndist í Atlavík 20 ár, en bjó þar áfram þó hann væri kominn úr sekt. Þar var hann heygður.

SK 1997: “Atlavíkurstekkur tilheyrir landssvæði Hallormsstaðaskógar í Vallnahreppi. Rústin er staðsett í svolítilli brekku sem veit á móti suðri en allt í kringum hana er þéttur skógur. Skammt neðan við rústina rennur lækur en hann hefur án efa ráðið staðsetningu hennar að miklu leyti.

Rústin á Atlavíkurstekk hefur lengi verið talin rúst íveruhúss Graut-Atla, landnámsmannsins sem sagður er hafa numið land í Atlavík á fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Graut-Atla er getið í Droplaugasonasögu en þar kemur fram að hann hafði keypt land við Atlavík austan Lagarfljóts upp frá Hallormsstöðum. Samskonar frásögn af Graut-Atla er að finna í þætti af Þorsteini hvíta. Báðar heimildir geta þess að þar sem hús Graut-Atla stóð séu nú, á ritunartíma frásagnanna, tættur sauðhúss.

Fornfræðingurinn Sigurður Vigfússon skoðaði rústin á Atlavíkurstekk skömmu fyrir aldamót síðustu og taldi þá áreiðanlegt að hér hefðu staðið hin upprunalegu bæjarhús Graut-Atla. Sigurður getur þess að trúlega hafi skála Graut-Atla verið snemma breytt í sauðahús og þykir jafnframt líklegt að rústirnar séu mjög fornar. ... Rústin er óhemju stór, um 30 metrar að lengd og 15 metrar að breidd. Hún snýr NNA-SSV. Vestan við aðaltóttina, áföst henni, er viðbygging sem er um 8x10 m að stærð. Út frá henni í suður liggur ógreinileg hleðsla, um 7 metra löng. Ofan við aðalbygginguna eru leifar nýrri viðbygginga, eins og Sigurður Vigfússon getur um. Hin nýja bygging gæti hafa skemmt upprunalegt útlit rústarinnar og líkur eru á að aðalbyggingin hafið verið án hólfa áður en byggt var við hana.

Við rannsókn á rústinni sumarið 1996 voru teknir tveir könnunarskurðir í rústina. Annar þeirra er tekinn í aðalbyggingunni en hinn í vuðbygginguna. Í skurðunum mátti greina nokkur grjóskulög frá ýmsum tímaskeiðum en engin kol eða önnur greinanleg líffræn efni fundust þar, sem mögulegt væri að nota til kolendisaldursgreiningar. Gjóskulögin voru þessi: Askja frá 1875, Veiðivatnagjóska f´ra 1477, Öræfajökull frá 1362 og loks Helka frá 1158, en það var Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur sem gerði greininguna. Að mati hans er gjóskulögin það skýr, að hægt er að treysta því nokkuð að rústin sé frá því fyrir 1158. Auk

þess bendir jarðvegsþykknun til þess að gjóskulagið 1158 hafi fallið á rústina nokkuð löngu eftir að hætt var að nota hana.

Erfitt er að segja til um hlutverk byggingarinnar en greinilegt er að húsið sem stóð á tóttunum, var ekki notað sem íveruhús. Gólflag rústarinnar var mjög óljóst, slitrótt og vart greinanlegt á köflum. Litur þess er gulbrúnn. Athyglisvert er einnig að ekki vottaði fyrir móösku, viðarösku eða kolum í rústinni við gerð könnunarskurðanna, eins og gera má ráð fyrir í rústum íveruhúsa. Gólfskánin bendir til þess að hér sé um gripahús eða rétt að ræða. Auk þess bendir hið örþunna gólflag til þess að byggingin hafi verið stuttan tíma í notkun."

Heimildir: IF XI, 5; Ö-Hallormsstaður.a.,13; SV: Árb. 1893, 43; ÞSS 1986 VI, 68; Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 5-6

SM-050:040 *Vörðumell* örnefni

"Ofan við þjóðveg er Vörðumell. Þar upp af er hæð sem heitir Vörðuhraun, en það er líka samheiti á svæðinu milli fyrrnefndra lækja [Jökullækjar og Atlavíkurlækjar] ofan við veg, upp að Skógarjaðri." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,14

SM-050:041 *Tittlingssel* bæjarstæði býli/sel

"Inn og upp af Ljósárkinn er dæld, sem kölluð er Selbotn. Þar fyrir innan voru beitarhús frá Hallormsstað, sem heita Tittlingssel (aflögð fyrir löngu). Þar var áður býli sem fór í eyði 1756. Utan við selið er Selklettur." segir í örnefnalýsingu. SG: "Tittlingssel inn frá Hallormsstað. Þar var búið á miðri 18. öld og nokkuð seinna meðan skógar stóðu - síðan eigi, því að þar er enginn heyskapur. Nú eru þar beitarhús frá Hallormsstað og girt tún að nafninu. ...Fyrir engjaleysi er óbúandi á öllum þessum kotum eða beitarhúsum, einkum síðan skógurinn féll."

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,14; Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 109-110

SM-050:042 *Geitagerði* heimild beitarhús

"Ofan við þjóðveg [milli Ljósár og Klifár] er Geitagerðisás eða Geitás. Neðan í ásnum voru rústir af beitarhúsum, sem voru kallaðar Geitagerði. Þar er nú afbýlið Sólheimar, reist 1945. Rústirnar voru friðlýstar árið 1930 sem rústir fornbýlis, en rutt niður þegar Sólheimar byggðust." segir í örnefnalýsingu. 1893: "Inn með fljótinu er kallað "Geitagerði"; þar er túngarðr fornlegr í kring. Efst í garðinum er tóft allmikil með litlu afhúsi við annan enda; hún er um 70 fet á lengd; þar af er aðalhúsið 50 fet; dyr eru á vestrhlið og dyr á afhúsinu, við gaflinn, á sömu hlið; breidd á þessari tóft er 26 fet. Túnið mun vera á aðra dagsláttu. Hér eru ekki fleiri tóftir. Það er sjáanlegt af útlitinu, að þetta er fornt býli, því að þessi mannvirki eru eins fornleg og hin áðrtöldu [Atlavík ?]."

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,14; SV: Árb. 1893, 35;

SM-050:043 *Miðsel* heimild sel

"Fyrir ofan Miðsjónarhraun eru rústir af seli (gömul selstöð frá Hallormsstað). Þar heitir Miðsel." segir í örnefnalýsingu. Búið þar í nokkur ár á 19 öld, segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,15; SJM II, 133

SM-050:044 heimild smalakofi

"Á landamörkum Hallormsstaðar og Geirólfsstaða er Prestaflói (þrætustykki). Þar norður (N.V.) af eru Húsabæjarhlíðar. Þar var setið yfir kvíaám og einnig eru þar rústir af smalakofum, mun nafnið vera dregið af þeim." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.20

SM-050:045 *Þrívörður* örnefni
"Austur af Dagmálafjalli eru Jökulhæðir. Þar fyrir austan Þrívörður og Þrívörðuflói." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.20

SM-050:046 þjóðsaga
"Norðan (N.V.) við Heiðarenda er Kerlingarhnaus. Þar eru upptök Kerlingarár, neðar nær brúnum eru Kerlingabotnar efri og neðri. Við þá eru tengdar gamlar sagnir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.21

SM-050:047 heimild leið
"Fyrir ofan Hólatjörn var (er) blettur í skóginn, nefndur Snarrótarbotn. Rétt utan við hann lágu reiðgötur frá Ormsstöðum, upp innri barm Gvendargjótar, og upp á Skriðdalsveg." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

SM-050:048 *Hólagata* heimild leið
"Gata lá (að mestu týnd í skógi nú) frá Skriðdalsvegi, rétt fyrir ofan Húsmæðraskólann, gegnum Hólana og ofan í Ormsstaði. Heitir hún Hólagata." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar

SM-050:049 þjóðsaga legstaður
ÞSS: Atli sem leyndist í Atlavík á að vera heygður þar.
Heimildir: ÞSS 1986 VI, 68

SM-050:050 þjóðsaga legstaður
ÞSS: "Glögg merki sér til rústa í Atlavík og heita Atlatættur. Þar segja menn og að sjáist haugur Einars Þórissonar allnærri."
Heimildir: ÞSS 1986 VI, 68

SM-050:051 heimild kálgarður
1777: "Vel var látið af garðinum á Hallormsstað …"
Heimildir: ÓO II, 136

SM-051 Skjögrastaðir

Bulungavalla getið í Þorsteins þætti Hvíta og Hrafnkelssögu Freysgoða. IF XI, 12, 126. 1397: Bulungavalla gerið í máldaga Bessastaða. DI IV, 212. Hjáleiga Hallormsstaðar. Klifá skipti löndum milli Buðlungavalla og Hallormsstaðarm en Gilsá skiptir löndum milli Buðlungavalla og Hrafnkelsstaða. "S voru hjáleiga Hallormsstaðar og taldir svo í J ´47, F´61 og F´18. Fyrr á öldum var þar Skagasel. Skjögulstaðanafnið er komið á í jarðabókinni 1760. Býlið er á Gilsárdal utan til austan við Gilsárgljúfur í um 220 m hæð yfir sjó. ... Bærinn brann í nóv. vetruinn 1931 og var þá byggt upp á ný á beitarhúsunum frá S á Buðlungavöllum yzt á dalnum og við alfaraleið. B voru fornbýli. Þeirra getur í Austfirðingasögum, nefnast Bulungavellir ... Þar var búið ofan fyrr á öldum, og síðast fáein á 19. öld." SJM II, 131.

"Í F´18 segir um jörðina , að tún sé að 2/3 hlutum slétt, en hitt greiðfært þýfi og örðugt um útgræðslu, engjar mýrarflóar og laufslægjublettir víðs vegar um landið, reytingssamar mjög og langsóttar, beitilandið hagsælt og víðlent, en fjárgeymsla erfið, upprekstrarland mikið og gott í Gilsárafrétt ..." SJM II, 131.

SM-051:001 *Skjögrastaðir/Buðungavellir* bæjarhóll bústaður
Bærinn á Skjögrastöðum brann 1931 og var endurbyggður á Buðlungavöllum, sem var upphaflega bæjarstæðið. segir í örnefnalýsingu. "Bærinn brann í nóv. vetruinn 1931 og var þá byggt upp á ný á neitarhúsunum frá S á Buðlungavöllum yzt á dalnum og við alfaraleið. B voru fornbýli. Þeirra getur íAustfirðingasögum, nefnast Bulungavellir ..." segir í Sveitum og jörðum. LH: "Í Hallormsstaðasókn eru ekki nýbýli nema ef telja ætti Skjögrastaði. Þar var sel frá Hallormsstað fyrrum,hét Skagasel. Svo komst þar á byggð á 18. öld, en lagðist niður á Buðlungavöllum. Þó var stundum búið að nafninu á báðum stöðum. Skjögrastaðir eru nær engjareitum Gilsárdals því verður þar heldur búið."

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.15; SJM II, 131, Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 110

SM-051:002 *Skjögrastaðir/Buðungavellir* bæjarstæði bústaður
Bærinn á Skjögrastöðum brann 1931 og var endurbyggður á Buðlungavöllum, sem var upphaflega bæjarstæðið. "Bærinn brann í nóv. vetruinn 1931 og var þá byggt upp á ný á neitarhúsunum frá S á Buðlungavöllum yzt á dalnum og við alfaraleið. B voru fornbýli. Þeirra getur í Austfirðingasögum, nefnast Bulungavellir ..." segir í örnefnalýsingu. "Buðlungarvellir í Hallormsstaðalandi upp af suðausturhorni Lagarfljóts. Þar er nú tún og beitarhús frá Skjögrastöðum og vel girt. Hér var búið í fornöld og oft síðan tímum saman - nú seinast á þessari öld fáein ár. Síðan allir skógar féllu þar, en engjar eru alls engar til, er þar óbúandi." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.15; SJM II, 131; Sigurður Gunnarsson: "Lýsing Hallormsstaðarsóknar", 109.

SM-051:003 *Aðgerðartangi* örnefni
"Örnefni næst Lagarfljóti, milli Klifár og Buðlungavallár. Þar heitir yzt Hagi. Næst er Jónshraunstangi, kallaður Jónstangi á Hallormsstað. Næst fyrir innan er Aðgerðartangi og Aðgerðarhvammur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.16

SM-051:004 *Biskupsvarða* varða
"...upp af Jónshraunstanga [er] Biskupsmell. Á honum er varða nefnd Biskupsvarða." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.16

SM-051:005 heimild stekkur
"Stakiklettur og Stekkjarklettur ... og Stekkjargrund, nú tún á Buðlungavöllum. Innst á Stekkjargrund, við Buðlungavallá, var stekkur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.16

SM-051:006 *Tvívörðumelar* örnefni
"Neðan við Stekkjargrund eru Tvívörðumelar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.16

SM-051:007 heimild eyktamark
"Í Stórás er utarlega dæld, nefnd Litlaskarð. Þá Dagmálaskarð nokkru innar, eyktamark frá

Buðlungavöllum. Ofan við Stórás er Dagmálamýri." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.16

SM-051:008 heimild refagildra
"[Örnefni milli Buðlungavallaár og Gilsár:] Neðst heita Gildrubotnar, rétt ofan við þjóðveg." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:009 *Brúarmýri* örnefni brú
"[Örnefni milli Buðlungavallaár og Gilsár:] Neðst heita Gildrubotnar, rétt ofan við þjóðveg. Þá Brúarmýri, út við Buðlungavallaá." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:010 *Vörðuás* örnefni
"Fyrir ofan Brúarmýri er Vörðuás." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:011 *Svarðarmýri* örnefni mógrafir
"Ofan við Hala er Svarðarmýri." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:012 *Fornistekksmelar* örnefni stekkur
"Neðan við Svarðarmýri eru Fornustekksmelar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:013 *Lambhúsgrund* örnefni lambhús
"Innan við Fremstahraun er Lambhúsmelur í útjaðri túns, þar fyrir innan Lambhúsgrund." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:014 *Borg* heimild fjárskýli
"Í túni á Skjögrastöðum var skýli (fjárborg) fyrir fé, kallað Borg." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:015 *Hesthúsmelur* örnefni hesthús
"Þá var í útjaðri túns Hesthúsmelur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.17

SM-051:016 *Götuskarð* örnefni leið
"Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.18

SM-051:017 heimild eyktamark
"Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð. Þá er klettur, sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktamark frá Skjögrastöðum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.18

SM-051:018 heimild eyktamark
"Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð. Þá er klettur, sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktamark frá Skjögrastöðum. Spölkorn innar

er Hádegismelur neðan við ásbrúnina." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.18

SM-051:019 *Gamlistekkur* heimild stekkur
"Innan við Grafningsá, neðst, heita Grundir. Þar fyrir innan er Stekkalækur og Bröttumelar. Gamlistekkur (rústir) er í mó fyrir neðan melana." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.18

SM-051:020 heimild smalakofi
"Næst fyrir innan Lækjardal er Fosshlíð. Inn af henni er Ljóskollumelur. [...] Á melnum eru rústir af smalakofa ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.19

SM-051:021 heimild
"Innan við Sandaxlir heita Þrengingar. Þar stendur gangnakofi Skógarmanna og hefur verið þar frá ómunatíð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.19

SM-051:022 *Tungusel* heimild sel
"... út og upp af túni á Skjögrastöðum eru óglöggar rústir sem heita Tungusel. Þar var búið nokkur ár á fyrri hluta 19. aldar, samkvæmt eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.20

SM-051:023 heimild leið
"Fjallvegur lá frá Buðlungavöllum til Skriðdals og var nefndur Buðlungavallaheiði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.21

SM-051:024 *Skagasel* heimild sel
"Meðfram Klifá eru Klifárbotnar, þar upp af Klifárdrög. Á þessu svæði fyrir ofan Miðsjónarhraun er Miðsel. Innsta selið hét Skagasel fyrir innan Klifá, seinna kallað Skjögrastaðir, eftir Einari Skjögra, sem þar bjó manna fyrstur. (...) Út og upp af Buðlungavöllum er Stóri-Ás. Inn og upp af Stóra-Ás er Skagasel." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.b, 4

SM-051:025 *Hesthúsgrund* örnefni hesthús
"Hesthúsgrund er skammt frá bænum ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.c, 1

SM-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð

SM-621:001 heimild leið
"Á einokunartímabilinu 1602-1787 var Breiðavík við Reyðarfjörð verslunarstaður Vallamanna. Hefur þá verið farið um Eyvindardal og Eskifjarðarheiði af Austurvöllum en Skógarmenn Hallormsstaðaháls, þriggja tíma lestargang yfir í Skriðdal og Þórdalsheiði, sex tíma lestargang, sömu leiðir og farnar voru eftir að verslunin fluttist að Búðareyri við Reyðarfjörð á þessari öld." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 127

SM-621:002 heimild leið
"Á einokunartímabilinu 1602-1787 var Breiðavík við Reyðarfjörð verslunarstaður Vallamanna. Hefur þá verið farið um Eyvindardal og Eskifjarðarheiði af Austurvöllum en Skógarmenn Hallormsstaðaháls, þriggja tíma lestargang yfir í Skriðdal og Þórdalsheiði, sex tíma lestargang, sömu leiðir og farnar voru eftir að verslunin fluttist að Búðareyri við Reyðarfjörð á þessari öld." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 127

SM-621:003 heimild leið
"Á tímabilinu sem verslað var á Seyðisfirði, 19. öldinni og fyrstu árum þeirrar tuttugust, var Fjarðarheiði kaupstaðagata Vallamanna." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 127

SM-621:004 heimild leið
"Þaðan [Eyvinarárdal] greindust vegir til Fjarðanna: ... inn Tungudal yfir Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar, og austur Slenjudal yfir Mjóafjarðarheiði til Mjóafjarðar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Útnyrðingsstaðir, 5

SM-621:005 heimild leið
"Þaðan [Eyvinarárdal] greindust vegir til Fjarðanna: ... inn Tungudal yfir Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar, og austur Slenjudal yfir Mjóafjarðarheiði til Mjóafjarðar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Útnyrðingsstaðir, 5

SM-621:006 heimild leið
"Vegurinn yfir hálsinn, en svo nefnist fjallið milli Út-Valla og Eyvindardals og til Dalana svokölluðu mun um margar aldir og líklega allt frá fornöld hafa legið út og upp frá Útnyrðingsstöðum, og er ekki ólíklegt, að Helgi Ásbjarnarson hafi farið þá leið með lið sitt í fyrirsátina við Helga Droplaugarson."
Heimildir: Árbók 1967, 92

SM-622 Óstaðsetjanlegar fornleifar

SM-622:001 *Lagarfljótsormurinn* þjóðsaga
"Það bar einu sinni í fornöld að kona ein bjó á bæ nokkrum í Héraðinu við Lagarfljót. Hún átti dóttur eina vaxna. Hún gaf henni gullhring. Þá segir stúlkan: "Hvernig get ég haft mest gagn af gulli þessu, móðir? "... Leggði það undir lyngorm," segir konan. Stúlkan tekur þá lyngorm og lætur gullið undir hann og leggur í trafeskjur sína. Liggur ormurinn þar nokkra daga. En þegar stúlkan fer að vitja um eskjurnar er ormurinn þar svo stór orðinn að eskjurnar eru farnar að gliðna sundur. Verður stúlkan hrædd og þrífur eskjurnar og kastar þeim með öllu saman í fljótið. Líða svo langir tímar og fara menn nú að verða varir við orminn í fljótinu. Fór hann þá að granda mönnum og skepnum sem yfir það fóru. Stundum teygðist hann upp á bakka fljótsins og gaus eitri ógurlegu. Þótti mönnum þetta horfa til vandræða mikilla, en vissu ei hvernig bætur yrðu á því ráðnar. Vóru þá fengnir til Finnar tveir. Áttu þeir að drepa prminn og ná gullinu. Þeir steyptu sér í fljótið, en komu bráðum upp aftur. Sögðu Finnarnir að hér væri mikið ofurefli að eiga og væri ei hægt að bana ormi þessum eða ná gullinu. Sögðu þeir að annar ormur væri undir gullinu og væri sá miklu verri. Bundi þeir þá orminn með böndum

tveimur. Lögðu þeir annað fyrir aftan bægslin, en annað aftur við sporðinn. Ormurinn getur því ekki grandað mönnum eða dýrum,en við ber að hann setur upp kryppu úr baki sínu og þykir það jafnan vita á stórtíðindi þegar það sést. Þeir sem enga trú leggja á orm þennan segja að það sé froðusnakkur og þykjast hafa sagnir um það að prestur nokkur hafi ekki alls fyrir löngu róið þar þvert yfir sem ormurinn sýnist vera til að sanna með því sögu sína að hann sé enginn."

"Flestar sagnir um skrýmslið í Lagarfljóti er síðan um 1600 ... Árið 1607 sást ormurinn í Lagarfljóti. Skaut hann upp þremur kryppum svo háum, að fullorðinn maður með upprettu spjóti hefði getað gengið undir þær, ef hann hefði verið á þurru landi. 1612 er aðeins sagt, að ormurinn hafi sézzt, sömuleiðis 1618. 1641 er hið sama sagt að því við bættu, að það hafi verið seint um haustið. 1672 er heldur eki annar getið en að ormurinn sæist. En á vorum dögum eða einkum þó árið 1749 og árið þar á eftir hefir sýnum þessum fjölgað stórkostlega. ... Ekkert skrímsla þessara líkist þó ormi, heldur ýmsum örðum hlutum ... "

Heimildir: ÞJÁ I, 635-636; Eggert Ólafsson: Ferðabók II, 112-113

SM-622:02 þjóðsaga

1819 sást skrýmsli framundan Hafursá. Það var um 2-3 teigshæðir frá landi, grátt og líktist hest sem stæði á haus. Það fluttist hægt yfir og fór móts við Hallormsstað.

Heimildir: ÞJÁ I, 637

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson: Dagbók úr hofleiðangri 1992, Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík 1993 [fjölrit]

Biskupasögur I-II, Kaupmannahöfn 1858, 1878

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*, Lundi 1967

Dagbækur Sveins Jónssonar, í einkaeign

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árið 1752-1957 I-II, Reykjavík 1943

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum" *Múlaþing* V, 1970, 172-187.

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi", *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1923*, bls. 1-96.

Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti" *Múlaþing* XIII 1984. 5-10

Helgi Hallgrímsson: *Yfirlit um minjar á Egilsstöðum* [handrit]

Islandske Annaler indtil 1578, Kristjania 1888

Íslenskt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Íslenzk fornrit I-, Reykjavík 1933-

Íslenzkar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XVI, Seyðisfjörður 1922-1958

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XI, Reykjavík 1982-1993

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason I-VI, Reykjavík 1993

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, Akureyri 1956

Matthías Þórðarson: “Skýrsla um viðbót við Forngipasafnið og þau söfn, er því eru sameinuð árið 1909”, *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1910*, 72-97

Orri Vésteinsson: Dagbók úr hofleiðangri 1992, Fornleifastofnun Íslands.

Óbirt gögn hjá Safnastofnun Austurlands.

Ólafur Olavius: *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

Páll Magnússon: “Forvitnileg örnefni” *Múlaþing* X 1980. 199-203.

Sigurður Gunnarsson: “Lýsing Hallormsstaðarsóknar 1874” *Austurland. Safn Austfirzkra fræða* I Akureyri 1947, 99-116

Sigurður Vigfússon: “Rannsókn í Austfirðingafjórðungu 1890” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1893*, 28-60

Steinunn Kristjánsdóttir: “Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi”, 6-8

Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, 2. útg. Reykjavík 1950.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Egilstaðir 1975

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1918. Vallnahreppi

Þorsteinn M. Jónsson: “Öngulsá - Útnyrðingsstaðir” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1967*, 90-93

Ö-Arnkelsgerði, Tunghagi og Ásgarður, *Arnkelsgerði, Tunguhagi og Ásgarður*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Arnkelsgerði, Tunghagi og Ásgarður ath og viðb, *Arnkelsgerði, Tunguhagi og Ásgarður. Svör við spurningum*, Guðmundur Nikulásson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Beinárgerði, *Beinárgerði*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Beinárgerði svör við sp, *Beinárgerði. Svör við spurningum*, Benedikt Sigfússon skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Egilsstaðir, *Egilsstaðir*, Stefán Einarsson skráði, viðbætur eftir Erík Eiríksson. Örnefnastofnun.

Ö-Eyjólfsstaðir, *Eyjólfsstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Freyshólar, *Freyshólar*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Gíslastaðagerði, *Gíslastaðagerði*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun

Ö-Gíslastaðir, *Gíslastaðir*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Grófargerði, *Grófargerði*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Gunnlaugsstaðir á Völlum, *Örnefnalýsing Gunnlaugsstaða á Völlum*, Finnur N. Karlsson skráði 1991. Örnefnastofnun.

Ö-Hafursá, *Hafursá í Skógum*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar. *Hallormsstaður. Leiðréttingar og viðaukar.* Örnefnastofnun.

Ö-Hallormsstaður.a, *Hallormsstaður*. Örnefnastofnun.

Ö-Hallormsstaður.b, *Hallormsstaður*. Örnefnastofnun.

Ö-Hallormsstaður.c, *Hallormsstaður*. Örnefnastofnun.

Ö-Hvammur á Völlum, *Hvammur á Völlum*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hvammur ath og viðb, *Hvammur. Athugasemdir og viðbætur*, Guðmundur H. Þórðarson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Höfði, *Höfði*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Keldhólar, *Keldhólar*, Sigurður Kristinsson skráði 1992. Örnefnastofnun.

Ö-Keldhólar ath og viðb, *Keldhólar. Athugasemdir*, Sigurður Kristinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Ketilstaðir, *Ketilsstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Kollsstaðagerði, *Kollstaðagerði*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Kollsstaðagerði, *Kollstaðagerði*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Kollsstaðagerði viðb, *Kollstaðagerði*, Helgi Hallgrímsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Kollsstaðir, *Kollsstaðir*, Stefán Einarsson skráði, Eríkur Eiríksson endurskráði. Örnefnastofnun

Ö-Mjóanes, *Mjóanes*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sauðhagi á Völlum, *Sauðhagi á Völlum*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Selstaða frá Vallanesi, *Selstaða frá Vallanesi*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Strönd á Völlum, *Örnefnalýsing Strandar á Völlum*, Finnur N. Karlsson skráði 1991. Örnefnastofnun.

Ö-Úlfsstaðir, *Úlfsstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Úlfsstaðir, svör við sp, *Úlfsstaðir. Svör við spurningum*, Magnús Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Útnyrðingsstaðir, *Útnyrðingsstaðir*, Þorsteinn M. Jónsson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Útnyrðingsstaðir ath, *Útnyrðingsstaðir. Athugasemdir*, Þorsteinn M. Jónsson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Vallanes, *Vallanes*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Víkingsstaðir, *Víkingsstaðir*, Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun.